


SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Fólk







FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
1. ágúst 2012
179. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

# Kanna betur fjárhagslegan grundvöll Grímsstaðamáls

**Starfshópur nokkurra ráðuneyta mun kanna forsendur hugmynda Huang Nubos um hótel á Grímsstöðum á Fjöllum. Fjárhagslegur grundvöllur kannaður betur. Núverandi mat byggir algjörlega á gögnum Nubos.**

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisstjórn Íslands samþykkti í gær, að tillögu Steingríms J. Sigfússonar iðnaðarráðherra, að skipa starfshóp til að fara yfir álitamál vegna áforma um erlenda fjárfestingu á Grímsstöðum á Fjöllum. Betur verður farið yfir fjárhagslegan grundvöll verkefnisins. Arðsemismat Íslandsstofu, sem skilað var til iðnaðarráðuneytisins, byggir aðeins á gögnum fjárfestisins sjálfs, Huang Nubos.

Steingrímur segir að ýmsum spurningum sé enn ósvarað og þeim hafi frekar fjölgað en hitt að undanförnu. Það eigi bæði við um praktísk mál, svo sem samgöngur, snjómokstur, rafmagnsleysi á svæðinu og fleira, en einnig umhverfistengd mál, en svæðið er á mörkum Vatnajökulsþjóðgarðs og í jaðri miðhálendisins. Þá sé málið einnig pólitískt viðkvæmt.

Vaxandi kurr er innan Vinstri grænna vegna málsins. Fréttablaðið hefur einnig heimildir fyrir því að innan sveitarstjórna sem að verkefninu koma séu efasemdaraddir að verða háværari. Málið er á dagskrá bæjarráðs Akureyrar á morgun.

Steingrímur segir einnig að ýmsum spurningum varðandi fjármál sé enn ósvarað.

„Auðvitað hafa sumir spurt sig að því hversu traustur fjárhagslegur grunnur verkefnisins er og á hverju mat á rekstraraðilum byggir." Steingrímur segir skoðun Íslandsstofu og ívilnunarnefndar aðallega hafa byggt á gögnum frá málsaðilanum sjálfum, enda ekki miklu öðru til að dreifa.

> Auðvitað hafa sumir spurt sig að því hversu traustur fjárhagslegur grunnur verkefnisins er.
>
> STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON
> IÐNAÐARRÁÐHERRA

Í arðsemismati Íslandsstofu, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, segir um fjárhagslega burði eigenda: „Gögn eða staðfesting um fjárhag BZIG [fyrirtæki Nubo] liggja ekki fyrir á þessari stundu en beðið hefur verið um að fá tilsend gögn sem staðfesta fjármögnunargetu fyrir verkefnið."

Þrátt fyrir þetta er það mat Íslandsstofu að verkefnið muni skila umtalsverðum ábata fyrir íslenskt samfélag. Steingrímur segir að starfshópurinn fari yfir hvort kanna þurfi fjármálin betur.

- kóp / sjá síðu 4



## Kanar fjölmenna

*Bandaríkjamenn verða líklega fjölmennastir á Iceland Airwaves í ár.*

**popp** 34

## Ákvað að kýla á veislu

*Söngkonan Margrét Eir Hjartardóttir fagnar fertugsafmælinu í dag.*

**tímamót** 22



## Túnis pakkað saman

*Íslensku strákarnir tóku hraustlega á Túnisum í gær og eru með fullt hús stiga.*

**sport** 30

## veðrið í dag




**VÍÐA LÉTTSKÝJAÐ** Í dag verður hæg norðaustanátt eða hafgola. Yfirleitt léttskýjað en skýjað með köflum eystra. Hiti 10-20 stig, mildast SV-til.

**VEÐUR** 4




**HÁTÍÐ Á MARKÚSARTORGI** Gleði ríkti á Markúsartorgi í gær þegar Gylfaflöt og Iðjuberg héldu opnunarhátíð. Veðrið lék við hátíðargesti, sem gæddu sér á grilluðum pylsum og skoðuðu listmuni sem voru til sýnis. Hátíðin er hluti af verkefni Reykjavíkurborgar sem nefnist Torg í biðstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þróuð verkfæri fornmanna:

## Notuðu eitur fyrr en talið var

**VÍSINDI** Steinaldarfólk í Suður-Afríku notaði þróaðri verkfæri en áður var talið samkvæmt nýrri rannsókn fornleifafræðinga.

Fornleifafræðingarnir rannsökuðu verkfæri sem talin eru 44 þúsund ára gömul. Þau eru sambærileg við verkfæri sem hópur safnara og veiðimanna á þessu svæði notar enn þann dag í dag.

Rannsóknin sýnir að fólk notaði þróuð verkfæri og eitur fyrr en áður var talið. Áður var talið að um 25 þúsund ár væru síðan fólk fór að nota slík verkfæri.

Meðal þeirra verkfæra sem fundust var prik sem notað er til að bera eitur á örvar og spjót. Fornleifafræðingarnir áttu erfitt með að átta sig á því til hvers prikið var notað, en áttuðu sig á því þegar þeir skoðuðu verkfæri San-fólksins sem býr í Kalahari-eyðimörkinni. Prikið reyndist svo vel varðveitt að finna mátti leifar af eitrinu á endanum. Það er talið svipað og San-fólkið notar við veiðar. - bj




Kaupandi vill breyta notkun á húsi Félags bókagerðarmanna á Hverfisgötu:

## Hundrað ára hús að gistiheimili

**SKIPULAGSMÁL** Félagið RR Hótel sem hefur hug á að kaupa eitt hundrað ára hús Félags bókagerðarmanna við hlið Þjóðleikhússins vill fá að að breyta eigninni í gistiheimili.

Í bréfi RR Hótels til skipulagsyfirvalda í Reykjavík er spurt hvort breyta mætti húsinu að innan auk þess að setja á það þakglugga á báðar súðir, tvennar svalir og breyta gluggum í dyr á norðurhlið hússins.

Í umsögn frá Húsafriðunarnefnd segir að ekki séu gerðar athugasemdir við breytingar innanhúss ef þær taki mið af upphaflegum frágangi. Eins leggur nefndin áherslu á að breytingar utanhúss taki mið af aldri og gerð hússins.



**HVERFISGATA 21** Félag bókagerðarmanna auglýsti húseign sína til sölu fyrr á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Skipulagsstjórinn í Reykjavík segir breytta notkun hússins samrýmast deiliskipulagi svæðisins. Hins vegar sé ekki heimilt að gera breytingar á ytra byrði hússins því það njóti verndar 20. aldar bygginga. Málið hefur enn ekki verið afgreitt.

Húsið á Hverfisgötu 21 er byggt árið 1912 eftir teikningum Steingríms Guðmundssonar og Finns Thorlacius arkitekts. Það er tvær hæðir auk riss og kjallara. Þar hafa löngum verið leigðir út salir undir veisluhald. Gert er ráð fyrir allt að níu gistirýmum eftir breytinguna.

RR Hótel rekur nú þegar gistihúsið Reykjavik Residence á Hverfisgötu 45. Þar var norska sendiráðið áður til húsa og einnig Söngskólinn í Reykjavík. - gar



## SPURNING DAGSINS



*Eyþór, er þetta ólögleg blokkering?*

„Við í hægri blokkinni viljum allavega ekki þessa blokkeringapólitík.“

Eyþór Arnalds, formaður bæjarráðs í Árborg, hefur gagnrýnt Íbúðalánasjóð fyrir að selja ekki íbúðablokkir á Selfossi sem sjóðurinn leysti til sín.

Efnt til heildrænnar hugmyndasamkeppni um fornminjasvæðið í Þjórsárdal:

# Skálinn að Stöng er úreltur

**FORNLEIFAR** Efnt verður til hugmyndasamkeppni um hönnun ásýndar og umhverfis fornleifa við Stöng í Þjórsárdal. Fornleifavernd ríkisins stendur fyrir keppninni í samvinnu við Skeiða- og Gnúpverjahrepp og Arkitektafélag Íslands.

Verkefninu er ætlað að uppfylla þjóðminjalög og auka aðgengi almennings að minjunum. Þá verður lögð áhersla á verndun minjanna svo hægt sé að skila þeim í góðu ástandi til komandi kynslóða.

Skálinn sem reistur var yfir fornminjarnar að Stöng árið 1957 þjónar ekki tilgangi sínum lengur því gjóska og vatn eiga greiða leið að rústunum. Við Stöng eru einnig fleiri minjar sem ekki eru varðar og bót verður að gera á.

Með verkefninu er minjastaður á Íslandi í fyrsta sinn hannaður heildrænt með hliðsjón af umhverfisþáttum. Þá er það markmiðið að nýta megi vinningstillöguna í fleiri verkefni af svipuðum toga.

Rústir Stangar voru fyrstu fornleifarnar sem byggt var yfir á Íslandi og gerðar aðgengilegar fyrir ferðamenn. Það var gert árið 1939 og svo aftur 1957. **- bþh**



**FORNMINJARNAR** Skálinn að Stöng var byggður 1957 en þjónar ekki tilgangi sínum lengur.

Mótmæla hækkandi verðlagi:

## Lögregla skaut sjö til bana

**SÚDAN, AP Sjö eru látnir eftir að súdanskar öryggissveitir beittu skotvopnum gegn mótmælendum í Darfúr-héraði.**

**Fólkið mótmælti niðurskurði á útgjöldum stjórnvalda og hækkun á matvælaverði og eldsneytisverði í kjölfar þeirra. Mótmæli brutust út víða í Súdan en stjórnvöldum tókst að brjóta þau á bak aftur.**

**Stjórnvöld hafa þurft að skera niður útgjöld eftir að Suður-Súdan lýsti yfir sjálfstæði enda stór hluti olíuframleiðslu svæðisins á landi sem nú tilheyrir Suður-Súdan. - bj**

Vefir borgarinnar lágu niðri:

## Teknir niður vegna bilunar

**REYKJAVÍK Vefur Reykjavíkurborgar, sem og vefsíða Íþrótta- og tómstundaráðs og Visit Reykjavík, var tekinn niður af tæknimönnum borgarinnar eftir að bilunar varð vart í gær. Bilunin kom upp rétt fyrir klukkan 13 í gær og vefurinn var tekinn úr loftinu um 90 mínútum síðar. Vefsíðurnar voru ekki komnar upp þegar blaðið fór í prentun í gærkvöldi.**

**„Það varð bilun í vefkerfinu okkar,“ segir Hjörtur Grétarsson, upplýsingatæknistjóri borgarinnar. Hann segir vefinn ekki hafa skemmst enda öryggisafrit tekin reglulega. Hjörtur sagði í gær að orsökin fyrir biluninni væri í rannsókn, og því væri ekki hægt að segja til um hvað hafi valdið biluninni. - bj**

Talsmaður verslunareiganda:

## Samkomulag um skilti brotið

**SKIPULAGSMÁL** „Við viljum ræða málin og leita sátta,“ segir Björn Jón Bragason, talsmaður verslunareigenda við Laugaveg, um ákvörðun borgaryfirvalda um að láta fjarlægja götuskilti sem standa án leyfis á gangstéttum. Björn segir málið hafa komið upp fyrir nokkrum árum. Þá hafi Þróunarmiðstöð Reykjavíkur sett saman reglugerð um skiltin í samráði við kaupmenn. Samkvæmt þeim hafi skiltin mátt vera í meters fjarlægð frá verslunum. „Nú er þetta samkomulag brotið með grófri aðgerð,“ segir Björn sem segist velta fyrir sér hvort borgin brjóti stjórnsýslulög með aðgerðinni. Gæta þurfi andmælaréttar og virða meðalhófsreglu. **- khn**



**BJÖRN JÓN BRAGASON**

# Skilti útiloka blinda frá miðbæjargötum

**Reykjavíkurborg sker upp herör gegn auglýsingaskiltum sem flækjast fyrir fólki á gangstéttum. Aðgengisfulltrúi Blindrafélagsins segir miðborgina ekki aðgengilega fyrir blinda og sjónskerta vegna skilta sem borgin segir „rangstæð“.**

**FÓLK** „Í dag eru verslunargötur eins og Laugavegur, Skólavörðustígur, Lækjartorg og Bankastræti ekki aðgengilegar fyrir blinda eða sjónskerta og alls ekki fyrir fólk í hjólastól,“ segir Rósa Hjörvar, aðgengisfulltrúi Blindrafélagsins.

Reykjavíkurborg hefur í dag átak gegn auglýsingaskiltum sem hindra vegfarendur á gangstéttum. Athugasemdir eru sagðar hafa borist frá borgarbúum – ekki síst blindum og sjónskertum.

„Til að mæta þeim réttmætu ábendingum að tryggja greiðar gönguleiðir og draga úr slysahættu verður á vegum byggingafulltrúans í Reykjavík gert átak í að fjarlægja rangstæð skilti,“ segir í tilkynningu frá borginni þar sem bent er á að ekki sé heimilt að setja skilti á gangstétt og annað land í eigu Reykjavíkurborgar. Enn fremur þurfi fyrirtæki sem vilja setja upp skilti á eigin lóðum að fylgja samþykkt borgarinnar þar um.

Rósa segir skiltaflóruna fjölskrúðugasta í miðbænum en að hún breiðist hratt út. „Ef einn setur niður skilti þá vill sá næsti gera það líka,“ segir hún.

Að sögn Rósu geta sumir sjónskertir komist klakklaust um miðbæinn á sólbjörtum sumardegi en fyrir þá sem verr sjá eða eru blindir sé það ómögulegt. „Skiltin eru óútreiknanleg. Þetta er alveg ótrúlega erfitt ef þú ert með þreifistaf að komast fram hjá,“ segir Rósa sem kveður blindrahunda sömuleiðis eiga efitt uppdráttar. „Hundarnir eru vanir því að hafa tvo metra til að vinna með. Þeir eiga mjög erfitt þegar skiltin eru komin út um allt. Menn geta síðan rétt ímyndað sér hvernig þetta verður þegar það verður komin hálka og skaflar í skammdeginu,“ bendir hún á.

Fulltrúar sjónskertra hafa að sögn Rósu rætt við rekstraraðilana. Þá hafi þrjár blindar og sjónskertar stúlkur úr unglingavinnunni gert úttekt á málinu í sumar. „Þær kalla sig Skytturnar þrjár og ætla að reyna að hitta borgarstjórann í ágúst,“ segir Rósa sem sjálf hefur rekið sig illa á auglýsingaskilti. „Það vita allir af vandanum. Það þarf bara að fara að gera eitthvað í honum.“

Borgin segir að eigendur skilta sem verða fjarlægð geti sótt þau á hverfastöð þar sem þau verði geymd í þrjátíu daga en síðan fargað. **gar@frettabladid.is**



**RÓSA HJÖRVAR** „Fólk gerir sér ekki grein fyrir hversu margir blindir og sjónskertir eru á ferð í miðbænum,“ segir aðgengisfulltrúi Blindrafélagsins sem var á Laugaveginum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Lést í slysi á sunnudag

Ökumaður sem lést í slysi nærri Steingrímsfjarðarheiði á sunnudagskvöld hér Halldór Jónsson. Halldór var fæddur 8. febrúar 1932 á Ísafirði, en starfaði sem ökukennari í Reykjavík. Hann lætur eftir sig eiginkonu. Hann eignaðist fimm börn, en eitt þeirra er látið.

Líðan kanadísks pars sem var farþegar í bíl Halldórs var að sögn vakthafandi læknis á gjörgæslu óbreytt í gærkvöldi. Karlmaðurinn var enn í lífshættu og var haldið sofandi og í öndunarvél, en konan er ekki lengur í lífshættu.



**HÓLMAVÍK** Heimamenn segja þörf á fleiri vegriðum.

Vilja bætt umferðaröryggi:

## Fái fleiri vegrið á Strandirnar

**SAMGÖNGUR „Full þörf er á vegriði á þessum slóðum og raunar miklu víðar á Ströndum,“ segir á fréttavefnum strandir.is þar sem greint er frá því að nú sé unnið að uppsetningu vegriðs á Djúpvegi númer 61 þar sem hann liggur yfir Víðidalsá, rétt sunnan Hólmavíkur. Einnig sé ætlunin að setja vegrið á sama vegi á nokkrum stöðum á Steingrímsfjarðarheiði í þessari lotu. „Sveitarstjórn Strandabyggðar hefur sérstaklega bent á mikilvægi þess að vegrið verði sett á neðri kantinn í norðanverðum Kollafirði þar sem leiðin liggur um Forvaða og víðar þar sem kanturinn er mjög brattur og langt niður í fjöru,“ segir á strandir.is. - gar**




Sælutilboð

Njóttu sveitasælunnar – **kynntu þér tilboðin á hotelork.is**

HÓTEL ÖRK

Breiðumörk 1c, 810 Hveragerði / www.hotelork.is / info@hotel-ork.is / sími: 483 4700


Flugmiðar frá Wow air í fyrstu verðlaun í ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins:

# Náttúran í ljósmyndasamkeppni

**SAMKEPPNI** Náttúra er þema þriðju ljósmyndakeppninnar sem Fréttablaðið stendur fyrir í sumar. Vonast er eftir fjölbreytilegum myndum sem fanga náttúru Íslands á áhugaverðan hátt og senda þátttakendur inn sínar eigin ljósmyndir.

Skilafrestur fyrir náttúrumyndirnar er 8. ágúst en myndir skal senda á netfangið ljosmyndasamkeppni@frettabladid.is.

Besta myndin birtist á forsíðu Fréttablaðsins og höfundur hennar fær einnig tvo farmiða með Wow air. Í önnur og þriðju verðlaun eru gjafakort í Borgarleikhúsið.

Fréttablaðið stendur alls fyrir fjórum ljósmyndasamkeppnum í sumar, en áður hefur verið keppt um bestu myndirnar undir þemunum útivist og íþróttir. Þema fjórðu og síðustu keppninnar verður kynnt í aðdraganda hennar. **- kg**



**SÍÐASTA VERÐLAUNAMYND** Þórir Tryggvason tók bestu myndina í annarri ljósmyndasamkeppni sumarsins, en í henni var þemað útivist.

# NÓATÚN

*Við gerum meira fyrir þig*

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI

**LAMBALÆRI, HEIÐMERKURKRYDDAÐ**
**1399** KR./KG

## Glæsilegt úrval meðlætis í kjötborði Nóatúns

## Meðlæti úr kjötborði

Grillsumar Nóatúns
**MAÍSKÓLFUR Á GRILLPRJÓNI**
**98** KR./STK.

Grillsumar Nóatúns
**FYLLTUR RAUÐLAUKUR M/ HVÍTLAUKSGRASI**
**98** KR./STK.

Grillsumar Nóatúns
**SALT-BAKAÐAR KARTÖFLUR**
**98** KR./STK.

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

**20% afsláttur**
**LAMBAINNLÆRI**
**3198** KR./KG
~~3998~~

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

**20% afsláttur**
**LAMBALÆRIS-SNEIÐAR**
**1598** KR./KG
~~1998~~

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI

*100% NAUTAKJÖT!*

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

**UNGNAUTA HAMBORGARI, 90 G**
**169** KR./STK.

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI

**20% afsláttur**
**HÚSAVÍKUR HANGILÆRI, ÚRBEINAÐ**
**2958** KR./KG
~~3698~~

AÐEINS ÍSLENSKT KJÖT Í KJÖTBORÐI

*ÁN AUKAEFNA!*

**GRILLPYLSUR**

| | |
|---|---|
| FRANKFURTER | 139 KR./STK. |
| CHORIZO | 198 KR./STK. |
| BRATWURST | 198 KR./STK. |
| MEÐ OSTI | 169 KR./STK. |

ÚR KJÖTBORÐI – BESTIR Í KJÖTI

**MCCAIN SUPERFRIES, SÆTAR KARTÖFLUR**
**563** KR./PK.

**ORA GRILLSÓSUR, 5 TEGUNDIR**
**271** KR./STK.

**ÞYKKVABÆJAR KARTÖFLUSALAT M/LAUK, 400 G**
**398** KR./STK.

*25% MEIRA MAGN!*

**MYLLU PIZZASNÚÐAR,**
**299** KR./PK.

*LÁTTU ÞAÐ EFTIR ÞÉR!*

**LAY´S SNAKK, 4 TEGUNDIR, 175 G**
**339** KR./PK.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

EXPO • www.expo.is

Opið til miðnættis alla daga **8-24**

*OPIÐ ALLA VERSLUNARMANNA-HELGINA!*

NÓATÚN

Hamraborg – Nóatún 17 – Hringbraut – Austurver – Grafarholt

## GENGIÐ 31.07.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,74 | 121,32 |
| Sterlingspund | 189,43 | 190,35 |
| Evra | 148,19 | 149,01 |
| Dönsk króna | 19,915 | 20,031 |
| Norsk króna | 19,965 | 20,083 |
| Sænsk króna | 17,706 | 17,81 |
| Japanskt jen | 1,5433 | 1,5523 |
| SDR | 182,01 | 183,09 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

208,1171

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sakborningum í rannsókn SFO í Bretlandi heldur áfram að fækka:

# Mál Roberts Tchenguiz fellt niður

**LÖGREGLUMÁL** Dómstólar hafa ákveðið að mál bresku efnahagsbrotalögreglunnar SFO gegn íranska kaupsýslumanninum Robert Tchenguiz skuli fellt niður.

Skammt er síðan rannsóknin sem beindist að bróður hans, Vincent Tchenguiz, var felld niður hjá SFO, og það sama gildir um rannsóknir á Ármanni Þorvaldssyni og Guðna Níels Aðalsteinssyni, fyrrverandi starfsmönnum Kaupþings.

Greint var frá þessu á vef viðskiptablaðsins Financial Times í gær. Rannsóknin beindist einna helst að viðskiptum Roberts við Kaupþing.



ROBERT TCHENGUIZ

Fram kemur í upplýsingum frá dómstólnum að gögnin sem lágu til grundvallar húsleitum hjá bræðrunum og handtökum þeirra í fyrra hafi ekki réttlætt aðgerðirnar.

Aðgerðirnar voru gríðarlega umfangsmiklar. Yfir hundrað manns tóku þátt í þeim og níu voru handteknir, sjö í Bretlandi og tveir á Íslandi.

Enn hafa ekki borist fréttir af því að rannsóknin á þætti Sigurðar Einarssonar, fyrrverandi stjórnarformanns Kaupþingssamstæðunnar, í viðskiptunum hafi verið látin niður falla.

Vincent hefur boðað að hann hyggist höfða risavaxið skaðabótamál vegna rannsóknarinnar, og muni krefjast hundrað milljóna punda í bætur, jafnvirði um tuttugu milljarða króna. - sh

Áströlsk lögregla í stórræðum:

# Tóku hálft tonn af eiturlyfjum

**ÁSTRALÍA** Ástralskir lögreglumenn lögðu hald á rúmlega hálft tonn af metamfetamíni og heróíni sem falið var í leirpottum. Götuverðmæti eiturlyfjanna er talið vera um 500 milljónir Ástralíudala, sem samsvarar um 63 milljörðum íslenskra króna.

Fram kemur í frétt CNN um málið að ástralska lögreglan hafi fengið ábendingu frá bandarískum kollegum. Þau fundust í 3.200 blómapottum í tveimur sendingum frá Taílandi. Sjö voru handteknir vegna málsins. - bj



**BORIS JOHNSON** Borgarstjórinn í London nýtur fylgis meðal flokksfélaga sinna. NORDICPHOTOS/AFP

Formennska Íhaldsflokksins:

# Boris Johnson með mest fylgi

**BRETLAND Félagar í breska Íhaldsflokknum vilja helst fá Boris Johnson, borgarstjóra í London, til að verða næsta leiðtoga flokksins.**

**Þetta kemur fram í skoðanakönnun sem birt er í breska dagblaðinu The Independent. Samkvæmt könnuninni vilja 32 prósent íhaldsmanna að Johnson taki við af David Cameron, núverandi flokksformanni.**

**Næstflestir, eða 24 prósent, vilja fá William Hague í embættið.** - gb

## LEIÐRÉTT

Ranghermt var í myndatexta á forsíðu blaðsins í gær að Ragna Ingólfsdóttir hafi verið fyrst Íslendinga til að vinna badmintonleik á Ólympíuleikum með sigri deginum áður, þótt hún sé fyrst íslenskra kvenna til að gera það. Árni Þór Hallgrímsson vann badmintonleik á Ólympíuleikunum í Barcelona 1992.

# Ráðherrar fara yfir álitamál tengd Nubo

**Ríkisstjórnin samþykkti skipan samráðshóps ráðherra og ráðuneyta til að fara yfir álitamál tengd erlendri fjárfestingu á Grímsstöðum á Fjöllum. Iðnaðarráðherra hefur ekki enn undirritað fjárfestingarsamning sem lagður var fram í vor.**

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisstjórnin samþykkti í gær tillögu iðnaðarráðherra um skipan samráðshóps ráðherra og ráðuneyta sem ætlað er að fara yfir álitamál tengd erlendri fjárfestingu á Grímsstöðum á Fjöllum.

Steingrímur J. Sigfússon iðnaðarráðherra hefur ekki enn undirritað fjárfestingarsamning vegna nýfjárfestinga í ferðaþjónustu á Grímsstöðum. Drög að samningnum voru kynnt í ríkisstjórn í byrjun maí, en tilgreint að hann yrði ekki undirritaður fyrr en svonefnd spurningum varðandi verkefnið hefði verið svarað. Samningurinn var gerður að tillögu nefndar þriggja ráðuneyta.

Verði verkefnið að veruleika kaupa sex sveitarfélög á Norðausturlandi jörðina og leigja um 300 hektara undir hótelrekstur kínverska fjárfestisins Huang Nubos. Jörðin er enn óskipt og hafa sveitarfélögin lagt inn beiðni til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um að það verði gert. Fulltrúar 6 ráðuneyta skipa hópinn; iðnaðar-, fjármála-, innanríkis-, sjávarútvegs- og landbúnaðar-, umhverfis- og utanríkisráðuneytis.



**ÁFORMIN KYNNT** Samráðshópur 6 ráðuneyta skoðar ýmis álitamál sem komið hafa upp varðandi áform Huang Nubos um uppbyggingu á Grímsstöðum á Fjöllum. NORDICPHOTOS/AFP

kolbeinn@frettabladid.is

## Jörðin ekki tengd dreifikerfi raforku

Iðnaðarráðherra lagði fram minnisblað á ríkisstjórnarfundi í gær. Þar kemur fram að ýmis álitamál hafi komið upp sem verði að svara. Mikilvægt sé að skoða áhrif fjárfestinganna til framtíðar, með hliðsjón af skuldbindingum íslenska ríkisins og sveitarfélaganna. Þá sé mikilvægt að fjárhag sveitarfélaganna verði ekki stefnt í hættu, ef ekkert verði af uppbyggingunni. Þá sé ýmsum spurningum varðandi uppbyggingu innviða samfélagsins ósvarað.

„Jörðin er t.d. ekki tengd við dreifikerfi raforku og engar upplýsingar liggja fyrir um það hvernig sinna á raforkuþörf á svæðinu. Þá kunna að vakna spurningar um hvort ríkið þurfi að niðurgreiða kostnað vegna kyndingar svo dæmi sé tekið. Kröfur geta komið fram um þætti eins og snjómokstur, skóla og heilbrigðisþjónustu ef af fjárfestingunni verður. Jafnframt hafa komið fram hugmyndir um endurbætur á flugvelli. Loks ber að nefna að Grímsstaðir liggja við mörk Vatnajökulsþjóðgarðs og í jaðri miðhálendisins og öll áform um uppbygginguna þar þarf því að skoða í ljósi þess," segir í minnisblaðinu.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Gagnrýnandi Pútíns í bobba:

# Hótað fangelsi fyrir þjófnað

**RÚSSLAND, AP** Einn af háværustu gagnrýnendum Vladmir Putins, forseta Rússlands, hefur verið sakaður um þjófnað. Hans gæti beðið tíu ára fangelsi verði hann ákærður og fundinn sekur.



ALEXEI NAVALNY

Alexei Navalny, 36 ára bloggari, segir ásakanir um þjófnað algerlega tilhæfulausar. Hann hefur ekki verið handtekinn, en saksóknari hefur skipað honum að yfirgefa ekki Moskvu á meðan á rannsókn málsins stendur.

Saksóknari sagði Navalny grunaðan um að hafa skipulagt þjófnað á vörum að andvirði sem samsvarar um 60 milljónum króna frá timbursölu. - bj

Alur álvinnsla í Helguvík:

# Landsbankinn selur í álvinnslu

**VIÐSKIPTI** Landsbankinn hefur selt 9,88 prósenta eignarhlut bankans í hlutafélaginu Al álvinnslu. Kaupandi hlutanna er Halldór Jónsson.

Alur á og rekur endurvinnslu fyrir álgjall í Helguvík á Reykjanesi. Álgjallið verður til við álframleiðslu Norðuráls á Grundartanga og Alcan í Straumsvík en Alur sendir endurunnið ál aftur til álveranna.

Félagið var stofnað árið 1998 og hóf framleiðslu árið 2003. Á árinu 2011 vann það 973 tonn af áli úr 2.403 tonnum af álgjalli.

Eignarhlutur Landsbankans var áður í eigu SpKef en hann var auglýstur til sölu í dagblöðum í júlí. - mþl






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**GÓÐAR HORFUR**

Veðurspáin fyrir verslunarmannahelgina er orðin nokkuð skýr og verða veðurguðirnir okkur áfram hliðhollir. Horfur eru á hægum vindi um allt land, þurru og björtu veðri.



FIMMTU- OG FÖSTUD. Hæg norðlæg átt eða hafgola.

LAUGARDAGUR Hægviðri.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 32° |
| Basel | 30° |
| Berlín | 25° |
| Billund | 21° |
| Frankfurt | 28° |
| Friedrichshafen | 31° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 23° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 28° |
| Orlando | 32° |
| Ósló | 19° |
| París | 27° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# ÚTSALA




# ÚTSÖLULOK!

# 50%

## VIÐBÓTARAFSLÁTTUR

af öllum útsöluvörum!

| UPPHAFLEGT VERÐ | ÚTSÖLU VERÐ | 50% VIÐBÓTAR AFSLÁTTUR |
|---|---|---|
| ~~799-999~~ kr. | ~~500~~ kr. | 250 kr. |
| ~~1299-1699~~ kr. | ~~1000~~ kr. | 500 kr. |
| ~~1999-2499~~ kr. | ~~1500~~ kr. | 750 kr. |
| ~~2999-3999~~ kr. | ~~2000~~ kr. | 1000 kr. |
| ~~4499-6999~~ kr. | ~~3000~~ kr. | 1500 kr. |
| ~~7999-8999~~ kr. | ~~4000~~ kr. | 2000 kr. |

24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér að hækka eigi barnabætur og fæðingarorlofsgreiðslur?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 62,4 |
| NEI | 37,6 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telur þú að slaka megi á öryggisleit á flugfarþegum í Leifsstöð?*

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Christine Lagarde segir nýtt verklag gera AGS kleift að koma fyrr auga á hættu:

# AGS bætir eftirlit með aðildarríkjum

**EFNAHAGSMÁL** Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) hefur breytt verklagi sínu við skýrslugerð um hagkerfi aðildarríkja sinna. Stofnunin vinnur árlega slíkar skýrslur en sú síðasta sem fjallaði um Ísland var birt í apríl síðastliðnum.

Í fréttatilkynningu sem AGS gaf út vegna þessa segir að framvegis muni sjóðurinn líta meira en áður til samspils ólíkra áhættuþátta í hagkerfum ríkja. Þá verði einnig litið til þeirra áhrifa sem þróun í einu eða nokkrum ríkjum kann að hafa á stöðugleika í öðrum ríkjum.

Christine Lagarde, framkvæmdastjóri AGS, segir samþykkt stjórnar sjóðsins á nýju verklagi mikilvægt skref í átt að því að bæta eftirlit hans með efnahagslegu heilbrigði aðildarríkjanna. Þá segir hún að breytingarnar muni gera honum betur kleift að koma auga á áhættuþætti í hagkerfum ríkjanna og í kjölfarið veita þeim ráðgjöf um hvernig bregðast megi við.

Samkvæmt stofnsáttmála AGS skal stofnunin fylgjast með þróun gengis gjaldmiðla aðildarríkja sinna, ríkisfjármála- og peningamálastjórn í þeim auk stefnumótunar stjórnvalda í tengslum við fjármál og bankakerfi.

Í skýrslu AGS um Ísland frá því í apríl kom fram það mat að landið væri hægt og bítandi að rétta úr kútnum eftir bankahrunið árið 2008. Þá var meðal annars lagt til í skýrslunni að hagstjórn hins opinbera yrði aðhaldssamari á þessu ári en stefnt hefði verið að. - mþl



**CHRISTINE LAGARDE** Framkvæmdastjóri AGS segir nýtt verklag mikilvægt skref í að bæta eftirlit með efnahagslegu heilbrigði aðildarríkjanna. NORDIC PHOTOS/AFP

# Vitni fá nafnleynd í manndrápsmáli

**Dómari féllst í gær á að leyfa vitnum í manndrápsmáli Annþórs Karlssonar og Barkar Birgissonar að njóta nafnleyndar. Sakborningarnir og verjendur þeirra munu ekki fá að vita hver vitnin eru. Afar sjaldgæft er að úrræðinu sé beitt.**

**LÖGREGLUMÁL** Dómari við Héraðsdóm Suðurlands féllst í gær á þá kröfu sýslumannsins á Selfossi að leyfa vitnum í máli gegn ofbeldismönnunum Annþóri Kristjáni Karlssyni og Berki Birgissyni að njóta nafnleyndar, þannig að sakborningarnir og verjendur þeirra muni aldrei fá að vita hver þau eru.

Fréttablaðið hefur ekki upplýsingar um hversu mörg vitni er um að ræða, en þau eru þó fleiri en eitt. Afar sjaldgæft er að úrræðinu sé beitt og forsenda þess er að dómari telji vitnin ella í hættu og að brýna nauðsyn beri til að þau gefi skýrslu með þessum hætti.

Annþór og Börkur eru grunaðir um að hafa veitt samfanga sínum, Sigurði Hólm Sigurðssyni, banvæna áverka í klefa hans á Litla-Hrauni í maí síðastliðnum. Þeir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald í kjölfarið og sátu um skeið í einangrun, en hafa nú hafið afplánun eldri dóma. Endanlegar niðurstöður úr krufningu liggja enn ekki fyrir og fyrr verður ekki hægt að ljúka rannsókninni.

Tvímenningarnir voru viðstaddur þinghaldið í gær eins og þeir hafa rétt á. Þeir hafa raunar, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, sótt mjög fast að vera viðstaddir öll þinghöld í málinu, til dæmis um dómkvaðningu matsmanna – svo sem lækna og réttarmeinafræðinga, og aðgang lögreglu að gögnum.

Þeir voru leiddir fyrir dóminn í járnum og dómari hafnaði kröfu þeirra um að þeir yrðu leystir úr þeim. Verjendur mótmæltu jafnframt kröfunni um nafnleynd vitnanna og hyggjast kæra úrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar í dag.

stigur@frettabladid.is





**ÞEKKTIR GLÆPAMENN** Annþór og Börkur sæta ákæru fyrir hrottafengin ofbeldisverk, til viðbótar við hin málin. Þá hlaut Börkur nýverið dóm fyrir að hrækja á dómara. Hann hefur áfrýjað honum til Hæstaréttar.

## Kæra fangelsismálastjóra fyrir ummæli

Annþór og Börkur hafa lagt fram kæru til lögreglu á hendur Páli Winkel fangelsismálastjóra fyrir ummæli sem hann lét falla í kjölfar þess að málið kom upp í maí. Hvorki lögregla né verjendur mannanna vilja tjá sig um málið, en samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er í kærunni, sem var lögð fram í gær, meðal annars vísað til þagnarskylduákvæðis í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.



PÁLL WINKEL

Páll var harðorður vegna málsins í fjölmiðlum á sínum tíma og sagði meðal annars að rýma þyrfti öryggisgang fangelsisins og hafa hann tiltækan fyrir menn sem hegðuðu sér eins og tvímenningarnir.

Páll kom af fjöllum þegar Fréttablaðið hafði samband við hann í gær. „Ég veit bara ekkert um hvað þetta mál snýst,“ sagði hann.

Púað á badmintonspilara:

## Hvorugt parið vildi vinna leik

**LONDON** Áhorfendur púuðu á leikmenn í tvíliðaleik kvenna í badminton á Ólympíuleikunum í London í gærkvöldi. Hvorugt parið vildi vinna viðureignina, þar sem sigurvegarans beið að leika við par frá Kína sem talið er sterkasta parið á leikunum.

Pörin, sem eru frá Suður-Kóreu og Indónesíu, gerðu sér það að leik að tapa stigum. Dómari leiksins stöðvaði leikinn, kallaði á þjálfarana, og minnti leikmennina á Ólympíuandann.

Liðin unnu sína lotuna hvort, en á endanum vann parið frá Suður-Kóreu þessa óvenjulegu viðureign og minnka líkur þeirra á verðlaunasæti verulega vegna sigursins. - bj, esá

Danmörk verður aldursskipt:

## Ungir og aldnir Danir vilja ekki vera nágrannar

**DANMÖRK Danir flytja á svæði í Danmörku þar sem annað fólk á þeirra aldri býr. Á síðustu tíu árum hefur hefur fólk á aldrinum 65 ára og upp úr flutt í meiri mæli í nágrannasveitarfélög stórborga landsins, á meðan yngra fólk á aldrinum 18 til 39 ára flykkist til stórborganna.**

**Þetta kemur fram á vef Politiken, en fræðimenn í landinu hafa áhyggjur af þróuninni.**

**„Það er mikilvægt að við höfum skilning á því hvernig samferðafólk okkar lifir. Það er holt fyrir ungt fólk að vita hvaða þarfir eldra fólk hefur og öfugt,“ segir John Andersen, prófessor í samfélagshagfræði.** - ktg



**HVALFJARÐARGÖNGIN** Að meðaltali 230 bílum færri á sólarhring í sumar en í fyrrasumar.

Samdráttur í umferð:

## Færri aka göng undir Hvalfjörð

**SAMGÖNGUR Vegagerðin segir að nú í júlí hafi umferð um Hvalfjarðargöng dregist saman um tæp 6 prósent miðað við júlí í fyrra. Í júní dróst umferð um göngin hins vegar aðeins saman um 02, prósent miðað við í fyrra. „Mest dregst umferð saman á laugardögum eða um 10,5 prósent en það samsvarar því að um 750 færri bílum hafi verið ekið um Hvalfjarðargöng að meðaltali hvern laugardag í júlí,“ segir Vegagerðin og bætir við að samanlagt í júní og júlí hafi umferð um göngin minnkað um 3 prósent frá í fyrrasumar. „Það samsvarar því að um 230 færri bílum á sólarhring hafi verið ekið um göngin að meðaltali.“** - gar

Nýjar tölur frá Eurostat:

## 25 milljónir án atvinnu í ESB

**EVRÓPA** Atvinnuleysi á evrusvæðinu mældist 11,2% í júní samkvæmt nýjustu tölum frá Eurostat. Það er svipað hlutfall og í maí, en í júní í fyrra var 10% atvinnuleysi.

Ef litið er til ESB í heild var 10,4% atvinnuleysi í júní, sem er tæpu prósentustigi hærra en á sama tíma í fyrra. 25 milljónir eru því án atvinnu í ESB-ríkjum.

Mesta atvinnuleysið var á Spáni, eða tæp 25%, en minnst í Austurríki, 4,5%.

Atvinnuleysi er mun meira í hópi ungs fólks, þar sem 22,4% þegna ESB-ríkja undir 25 ára eru atvinnulaus. - þj


FRÁBÆR TILBOÐ

Kúlutjöld - Svefnpokar



Takmarkað magn

Íslensku ALPARNIR

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Faxafeni 8 • 108 RVK. • Sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is


Ný könnun Landlæknisembættisins um tóbaksnotkun Íslendinga:

# Ungir karlar nota frekar munntóbak

**HEILSA** Um 7,3% íslenskra karlmanna taka tóbak í vörina og 44% hafa einhvern tímann prófað það, að því er fram kemur í nýlegri könnun sem Capacent Gallup gerði fyrir Landlæknisembættið. Hlutfallið er mun hærra í yngri aldursflokkum.

Um er að ræða símakönnun sem var gerð í mars og apríl og svöruðu tæplega 1.100 karlar spurningunni. Munntóbaksneysla meðal kvenna var undir einu prósenti. Þegar litið er til aldursdreifingar sést að nær fimmtungur í hópi átján til 24 ára tekur tóbak í vörina og 44% hafa einhvern tíma tekið í vörina.

Á aldursbilinu 25 til 34 ára taka 15% svarenda í vörina, en 28% segjast einhvern tíma hafa tekið í vörina, en einungis 1% af svarendum sem eru 45 ára eða eldri. Langflestir sem taka í vörina segjast nota neftóbak frá ÁTVR, eða annað íslenskt tóbak, en sjöundi hver notar sænskt tóbak.



**TEKIÐ Í VÖRINA** Ný könnun sýnir að 7,3% karla nota tóbak í vörina. Flestir nota íslenskt tóbak. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Könnunin tók einnig til annars konar tóbaksnotkunar og kom meðal annars fram að 14,2% Íslendinga átján ára og eldri segjast reykja daglega og 2,3% sjaldnar en daglega. Þá segjast 5% karla taka tóbak í nefið en slík neysla mældist ekki meðal kvenna.

Landlæknisembættið hefur látið þýða þýska skýrslu sem tiltekur skaðsemi munntóbaksnotkunar og er ráðgert að leggja í herferð gegn henni á næstunni. - þj



VERÐ AÐEINS:
**499**

**ÚTILEGUKOLLUR**
Léttur og sniðugur kollur í útileguna. Fæst í nokkrum litum.



FULLT VERÐ: 2.995
**1.995**
SPARIÐ 1.000

**SPLENDID BAKPOKAR**
Fást í þremur litum.




OSLO SVEFNPOKI
**1.995**

**OSLO SVEFNPOKI**
Nettur svefnpoki á góðu verði!
Stærð: 75 x 190 sm.



SAMANBRJÓTANLEGT
46% AFSLÁTTUR
FULLT VERÐ: 14.995
**7.990**

**ÚTILEGUBORÐ OG 2 BEKKIR**
Létt útileguborð með 2 bekkjum. Stólar pakkast inn í borðið, tekur lítið pláss. Stærð á borði: B90 x L66 x H70 sm.



29% AFSLÁTTUR
ÁÐUR: 695
**495**

**10 LÍTRA VATNSBRÚSI**
Tekur 10 lítra. Hægt að brjóta alveg saman.

# ALLT Í ÚTILEGUNA OG FERÐALAGIÐ!




3 MANNA

3JA MANNA TJALD
**4.500**

**MERKUR TJALD**
Gott 3ja manna tjald. Þéttur botn og sterkar stangir. Stærð: 210 x 210 x 130 sm. Þéttleiki: 800 mm/cm2. Þyngd: 3,75 kg.



**TJALDKOLLUR**
Nettur kollur sem hægt er að leggja alveg saman. Fæst í nokkrum litum.

VERÐ AÐEINS:
**995**



SPARIÐ 3.000
ÁÐUR: 9.995
**6.995**

**CAMPMANN SÓLBEKKUR**
Úr áli með sterku netáklæði úr polyesterefni. Stærð: B62 x L195 sm.



50% AFSLÁTTUR
SAMANBRJÓTANLEGT

**ÚTILEGUBORÐ OG ÁFASTUR BEKKUR**
Sniðugt sett í útileguna fyrir fjóra. Stólar pakkast inn í borðið. Er létt og tekur lítið pláss. Stærð á borði: 60 x 79 sm.

FULLT VERÐ: 9.995
**4.995**



SPARIÐ 3.000
FULLT VERÐ: 9.995
**6.995**

**CAMPMANN SÓLSTÓLL**
Léttur og þægilegur sólstóll úr áli með sterku netáklæði úr polyesterefni. Stóllinn er með 5 stillingum.




FLÍSTEPPI Í MIKLU ÚRVALI VERÐ FRÁ:
**345**
TILVALIN Í ÚTILEGUNA

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is




Ástandið í Aleppo versnar dag frá degi meðan sprengjuárásir halda áfram:

# Þúsundir flýja borgina daglega

**SÝRLAND, AP** Þúsundir manna eru sagðir flýja frá Aleppo, fjölmennustu borg Sýrlands, á hverjum einasta degi. Harðar árásir stjórnarhersins á borgina síðustu daga virðast ekki hafa brotið uppreisnarmenn á bak aftur.

Ástandið í borginni versnar dag frá degi. Fólk vantar brýnustu lífsnauðsynjar, eins og matvæli, hreinlætisvörur og lyf.

Sameinuðu þjóðirnar hafa sagt sprengjuárásir stjórnarhersins á íbúðahverfi vekja áhyggjur og Arababandalagið, sem Sýrlandsstjórn var áður virtur aðili að, hefur tekið enn sterkar til orða: „Fjöldamorðin sem framin eru í Aleppo og á öðrum stöðum í Sýrlandi eru stríðsglæpir sem eru refsiverðir samkvæmt alþjóðalögum,“ segir Nabil Elabary, framkvæmdastjóri Arababandalagsins, að loknum fundi í höfuðstöðvum bandalagsins í Egyptalandi.

Meðan bardagar stjórnarhersins og uppreisnarmanna geisa í Aleppo hafa sveitir uppreisnarmanna náð á sitt vald tveimur smærri bæjum í nágrenni Aleppo, þar á meðal þorpinu Anand sem er mikilvægt því nú hafa uppreisnarmenn í Aleppo greiða leið eftir þjóðveginum til Tyrklands, þar sem þeir geta fengið birgðir og mannafla. - gb



**UPPREISNARMENN Í ALEPPO** Hjálpa særðum félaga sínum. NORDICPHOTOS/AFP



**BEÐIÐ EFTIR RAFMAGNI** Lestarsamgöngur stöðvuðust á öllu norðan- og austanverðu Indlandi og þurftu farþegar að bíða klukkutímum saman. NORDICPHOTOS/AFP

# Hundruð milljóna manna án rafmagns

**Gjörvallur norður- og austurhluti Indlands varð rafmagnslaus í gær, annan daginn í röð. Á þessu svæði búa 600 milljónir manna. Þriðjungur þeirra lét sér reyndar fátt um finnast, enda ekki með neinn aðgang að rafmagni hvort eð er.**

**INDLAND, AP** Rétt upp úr hádegi í gær slokknuðu öll ljós á norðan- og austanverðu Indlandi, allt frá landamærum Búrma í austri til landamæra Pakistans í vestri.

Umferðarljós slokknuðu og mynduðust fljótlega umferðarstíflur af erfiðustu gerð. Lestarsamgöngur stöðvuðust og kolanámumenn lokuðust inni í námum svo senda þurfti björgunarmenn þegar í stað á vettvang með litlar varaaflstöðvar. Jafnvel rafmagnsknúnir líkbrennsluofnar stöðvuðust víða í miðju kafi.

Á þessu svæði búa 600 milljónir manna, eða nærri tíundi hver jarðarbúi, en þriðjungur þeirra hefur að vísu ekki aðgang að rafmagni og lét sér því fátt um finnast.

Aðrir íbúar eru reyndar vanir því að rafmagnið fari af og víða eru varaaflstöðvar notaðar til að knýja nauðsynlegustu starfsemi meðan slíkt ástand varir.

> Ég gaf fyrirmæli um að þeim ríkjum sem nota of mikið af rafmagni verði refsað.
>
> **SUSHIL KUMAR SHINDE**
> ORKUMÁLARÁÐHERRA INDLANDS

Aldrei áður hefur rafmagnið þó farið af jafn stóru og fjölmennu svæði samtímis og í þetta skiptið gerðist það annan daginn í röð á stórum hluta þessa svæðis, því á mánudaginn fór rafmagnið í norðurhluta landsins í nokkra klukkutíma. Þá voru það 370 milljónir manna sem urðu rafmagnslaus.

Sushil Kumar Shinde, orkumálaráðherra Indlands, velktist ekki í vafa um það hverjir sökudólgarnir væru. Indland skiptist í 28 ríki, sem sum hver stunda það grimmt að taka til sín meira rafmagn úr rafveitukerfi landsins en þeim er úthlutað.

„Allir taka of mikið út úr rafveitunetinu. Bara nú í morgun átti ég fund með orkumálaráðherrum ríkjanna. Ég gaf fyrirmæli um að þeim ríkjum sem nota of mikið af rafmagni verði refsað. Við höfum gefið fyrirmæli um að lokað verði fyrir rafmagn til þeirra,“ sagði hann.

Eftir fjórar klukkustundir var búið að koma rafmagninu á að hluta en sums staðar var reiknað með því að fólk þyrfti að bíða í 10 til 12 klukkustundir eftir því að fá rafmagn.

Aldrei áður í sögunni hefur rafmagnsbilun orðið jafn víðtæk og snert jafn marga einstaklinga og bilunin á Indlandi í þessari viku, fyrst á mánudag og síðan aftur í gær.

Þriðja stærsta rafmagnsleysi sögunnar til þessa varð í Indónesíu árið 2005, þegar 100 milljónir manna urðu án rafmagns.

gudsteinn@frettabladid.is

IT DOESN'T GET BIGGER THAN THIS!

**PENNAVESKI:**
Með 18 trélitum, 1 yddara, 1 strokleðri, 1 skærum og 1 reglustiku. Veldu á milli Spider-Man eða Monster High.
Venjulegt verð 3.999




SPIDERMAN EÐA MONSTER HIGH

HEILDARVERÐ

# 7.999

SPARIÐ 3.999




ÓKEYPIS VEGGSPJALD MEÐ STUNDASKRÁ FYLGIR MEÐ!

Stay cool in school

**SKÓLATASKA:**
Íþróttataska og stundaskrá fylgja með. Með stillanlegum ólum, vatnsheldu ytra byrði og Schotchlite endurskinsmerkjum, sem tryggja hámarks sýnileika. Veldu á milli Spider-Man eða Monster High.
Venjulegt verð 7.999

**AKUREYRI:** Glerártorg, sími 461 4500 ★ **GRAFARVOGUR:** Blikastaðavegur, sími 585 0600 ★ **KÓPAVOGUR:** Smáratorg, sími 550 0800

Tilboðin gilda til og með 20.08.2012. VSK er innifalinn í verði.
Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Frá hvaða landi var mótherjinn sem badmintonkonan Ragna Ingólfsdóttir sigraði í fyrsta leik á ÓL?
2. Hvaða land hefur afþakkað og bannað heimsóknir rapparans Snoop Dogg næstu tvö ár?
3. Hvaða borg er helsti vígvöllur í ófriðnum í Sýrlandi um þessar mundir?

**SVÖR**

1. Litháen 2. Noregur 3. Aleppo.

Stórt svæði í miðborg Óslóar rýmt vegna mistaka bandaríska sendiráðsins:

# Æfingasprengja olli uppnámi

**NOREGUR** Mistök í bandaríska sendiráðinu í Ósló urðu til þess að rýma þurfti stórt svæði í miðborg Óslóar af ótta við hryðjuverk.

Starfsfólk sendiráðsins hafði fest gervisprengju, sem notuð er við æfingar, undir bifreið í eigu sendiráðsins. Síðan gleymdist að fjarlægja sprengjuna.

Þegar öryggisverðir sendiráðsins komu auga á „sprengjuna“ undir bílnum stuttu fyrir hádegi í gær höfðu þeir samstundis samband við norsku lögregluna sem brást skjótt við og girti af stóran hluta miðborgarinnar. Hús og stofnanir í allt að 500 metra fjarlægð frá sendiráðinu voru rýmd, þar á meðal konungshöllin og utanríkisráðuneytið.

Um tveimur tímum síðar var neyðarástandi aflétt þegar í ljós kom hvers kyns dularfulli pakkinn var, sem öryggisverðirnir höfðu séð undir bílnum.

„Allir eru mannlegir. Mistök eru gerð,“ sagði talsmaður norsku lögreglunnar þegar blaðamenn spurðu hvort gripið verði til einhverra aðgerða gegn sendiráðinu vegna umstangsins. **- gb**



**VIÐBÚNAÐUR Í ÓSLÓ** Norska lögreglan brá skjótt við þegar tilkynning barst um dularfullan pakka undir bifreið. NORDICPHOTOS/AFP

PFS úthlutar til iCell:

# Fær tíðni vegna háhraðanets

**FJARSKIPTI** Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur ákveðið að úthluta fyrirtækinu iCell ehf. tíðni á 3,5 GHz tíðnisviðinu vegna reksturs háhraða aðgangsnets um allt land. Þetta kemur fram á vef PFS.

Fyrirtækið hafði áður fengið úthlutað heimild á sama tíðnisviði sem einskorðast við Suðurland. Nýja heimild iCell verður þó takmörkuð við Suðurland og svæði á Vesturlandi sem áætlun fyrirtækisins gerir ráð fyrir. Standist áætlanir iCell mun PFS víkka heimildir í samræmi við það. **- þj**



**TRAIAN BASESCU FORSETI** Heitir því nú að reyna að ná fram sáttum í þjóðfélaginu. NORDICPHOTOS/AFP

Kosningar ógildar:

# Basescu slapp með skrekkinn

**RÚMENÍA, AP Innan við helmingur kosningabærra manna tók þátt í kosningum í Rúmeníu á sunnudag sem snerust um það hvort víkja ætti Traian Basescu forseta úr embætti.**

**Helmingsþátttaka var skilyrði þess að kosningarnar yrðu gildar og því situr Basescu áfram í embætti sínu. Hann er engu að síður mjög óvinsæll og greiddu 80 prósent þeirra sem þó tóku þátt atkvæði gegn honum.**

**Victor Ponta forsætisráðherra hefur ekki síður verið gagnrýndur fyrir að hafa reynt að koma Basescu úr embætti.** **- gb**

# Tveir milljarðar í nýja stíga

**Reykjavíkurborg á að verða framúrskarandi hjólaborg að sögn Dags B. Eggertssonar, formanns borgarráðs. Í gær undirrituðu Vegagerðin og borgaryfirvöld samning um byggingu hjólreiða- og göngustíga.**

**SAMGÖNGUR** Vegagerðin og Reykjavíkurborg gengu frá samningi í gær um átak í gerð hjólreiða- og göngustíga í Reykjavík.

„Markmiðið er að Reykjavík verði framúrskarandi hjólaborg,“ segir Dagur B. Eggertsson, sem undirritaði samninginn fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Kostnaður við framkvæmdirnar er áætlaður um tveir milljarðar króna og er þetta í fyrsta sinn sem Vegagerðin kemur að slíkum samningi.

Framkvæmdirnar eru ekki tímasettar að fullu, en í ár er unnið að lagningu tveggja hjólreiða- og göngustíga. Annar liggur með fram Vesturlandsvegi, framhjá Keldum og Mosfellsbæ, en hinn nær frá Hlemmi niður að Elliðaárósum þar sem stígurinn mun tengjast nýjum brúm sem verða lagðar yfir ósana.

Stígarnir sem samkomulagið nær til eru hluti af skipulögðu stofnstígakerfi Reykjavíkurborgar og eru í samræmi við hjólreiðaáætlun hennar.

Mikil áhersla er lögð á að tryggja öryggi vegfarenda í nýja samkomulaginu en þar er áréttuð sú stefna að aðskilja hjólreiðar og bílaumferð þar sem umferðarhraði er mikill. **- ktg**



**TÍMAMÓT** Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, og Hreinn Haraldsson vegamálastjóri hjóluðu á Geirsnef þar sem þeir undirrituðu samninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI







**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN** Tryggingamiðstöðin er eitt stærsta tryggingafélag landsins. Stefnt er að því að skrá félagið á hlutabréfamarkað á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Stoðir selja stóran hlut í Tryggingamiðstöðinni:

# Lífeyrissjóðir eignast 60 prósenta hlut í TM

**VIÐSKIPTI** Hópur lífeyrissjóða og annarra innlendra fjárfesta hefur keypt 60% hlut í Tryggingamiðstöðinni hf. (TM) af Stoðum, áður FL Group. Samningur þess efnis var undirritaður í gær en hann er gerður með fyrirvara um samþykki Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins.

TM er eitt stærsta tryggingafélag landsins og hefur um 26% markaðshlutdeild meðal skaðatryggingafélaga á Íslandi. Stoðir áttu fyrir viðskiptin 99% hlut í TM en halda eftir 39% hlut. Í yfirlýsingu sem gefin var út í tengslum við kaupin kemur fram að engar breytingar séu áformaðar á rekstri TM.

Stefnt er að því að skrá TM í íslensku kauphöllina á næsta ári og ráðgera Stoðir að selja eftirstandandi eignarhlut sinn í almennu hlutafjárútboði í tengslum við skráninguna.

Búist er við því að viðeigandi eftirlitsstofnanir gefi samþykki sitt fyrir kaupunum innan fárra mánaða. Að sögn Júlíusar Þorfinnssonar, framkvæmdastjóra Stoða, verður kaupverð gefið upp þegar viðskiptin hafa formlega gengið í gegn.

Kaupendurnir eru meðal annarra Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda, Sameinaði lífeyrissjóðurinn, Stafir lífeyrissjóður, Festa lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga og Lífeyrissjóður Vestfirðinga. Auk þess eru fjárfestar á vegum VÍB, eignastýringar Íslandsbanka, Virðingar og Auðar Capital í hópi kaupenda. **- mþl**




# ÞÚ FÆRÐ MEIRA ÚT ÚR ELDSNEYTINU Á N1

N1 blandar sérstökum fjölvirkum bætiefnum í allt bensín og díselolíu án viðbótarkostnaðar fyrir viðskiptavini. Bætiefnin hreinsa vélina og draga úr mengun auk þess að auka afl bílsins og draga þannig úr eldsneytiskostnaði.




Bætiefnin eru í raun nauðsynleg til að standast ströngustu kröfur helstu bílaframleiðenda heims. Víða um heim er raunar bundið í lög að blanda skuli efnum af þessu tagi í eldsneyti. Aðrar reglur gilda hér á landi og er blöndun bætiefnanna í birgðastöðvum N1 því að eigin frumkvæði með hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi.

*„Bætiefnin í eldsneytinu á N1 skila sér í meira afli og lægri eldsneytiskostnaði."*

Herbert Herbertsson,
eldsneytisráðgjafi N1.

## Svona virka bætiefnin í eldsneytinu á N1

- Allt að 8% meira afl í vélum m.v. eldsneyti án bætiefna.*
- A.m.k. 3% minni eldsneytiseyðsla, miðað við eldsneyti án bætiefna*
- Minni útblástursmengun
- Vörn gegn tæringu og sliti í eldsneytiskerfi
- Hreinni vél og hreinni smurolía
- Minna kaldræsiglamur og reykur í díselvélum
- Freyðivörn í díselolíu (áfylling fljótlegri og hreinlegri)

*Skv. prófunum þýsku rannsóknarstofunnar APL á 2.0L Daimler-Chrysler bensínvél

WWW.N1.IS

N1

Meira í leiðinni

**SVIPMYNDIR FRÁ ÓLYMPÍULEIKUNUM Í LONDON**

# Áhorfendurnir flykkjast á Ólympíuleikana í London

**Áhugamenn um íþróttir hafa nóg að gera þessa dagana við að fylgjast með hinum ýmsu íþróttagreinum á Ólympíuleikunum í London. Flestir verða að láta sér nægja að horfa á leikana í sjónvarpinu, en Valgarður Gíslason myndaði þá sem eru svo heppnir að geta fylgst með leikunum með berum augum.**



**FÁNALITIR** Sumir áhorfendur klæðast fatnaði í fánalitum, aðrir mála andlit, og þessi ungi maður var með hárkollu í bresku fánalitunum.




**FÆRRI KOMAST AÐ EN VILJA** Mikil ásókn hefur verið í miða á allar íþróttagreinar á Ólympíuleikunum í London. Fólk sem ekki hefur fengið miða hefur gagnrýnt harðlega að fjöldi auðra sæta hefur verið á áhorfendapöllunum, oft á besta stað. Skýringin er sú að styrktaraðilar og íþróttasambönd hafa fengið hluta af miðunum til úthlutunar en kosið að nýta þá ekki. Við þessu er reynt að bregðast með því að innkalla ónotaða miða og selja fleirum aðgang að leikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ALLT VINSÆLT** Þó stóru íþróttagreinarnar, til dæmis100 metra spretthlaupið, njóti mestu vinsældanna hjá áhorfendum hafa sumir þeirra gríðarlegan áhuga á öðrum íþróttum sem almennt njóta minni hylli, eins og þessir vel máluðu áhugamenn um sundknattleik.



**LÖGLEGUR LEIKUR** Gríðarlega ströng löggæsla er á Ólympíusvæðinu og næsta nágrenni. Þessir glaðlegu lögregluþjónar brugðu á leik með áhorfanda sem virtist jafn áhugasamur um hjálmana þeirra og íþróttakeppnina.



**SÁTTIR** Spennan eykst þegar líður á leikana, en þessir áhorfendur virtust vel sáttir við gang mála eftir fyrstu dagana.

LYFJA
– Lifið heil




Voltaren Gel
15% verðlækkun.
100 g. Áður: ~~3.815 kr.~~ Nú: 3.243 kr.
Gildir út ágúst.
Lægra verð í Lyfju
ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 60420 06/12




— KETTLE CHIPS —

# EINFALDLEGA BETRI

— FLÖGUR —

BONUS HAGKAUP


*Síðustu dagar stærstu útsölu landsins*
Götumarkaðurinn
hefst í dag
Komdu í heimsókn og gerðu frábær kaup!


Kringlan
Opið til 18.30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hjólastígar aftur og fram um Reykjavík:

## Aðgengilegri og öruggari hjólreiðar

Þeim fjölgar sífellt sem velja að nota reiðhjól til þess að komast milli staða í höfuðborginni. Hjólreiðar sem ferðamáti eru gagnlegar bæði fyrir þann sem þær stundar og fyrir samfélagið allt.

Það er heilsusamlegt að fara á milli staða fyrir eigin afli. Út úr því má bæði fá góða hreyfingu og útivist. En það er líka heilsusamlegt fyrir samborgarana vegna þess að hjólreiðamaður mengar ekki með útblæstri eins og sá sem notar bensínorku til að komast til vinnu og annarra erinda.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Sem betur fer er í vaxandi mæli gert ráð fyrir hjólreiðafólki í borginni þótt langt sé í land að Reykjavík komist nálægt helstu hjólaborgum varðandi aðstæður til hjólreiða.

Í gær var stigið skref í átt til bóta með samningi milli Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar. Stígarnir sem samningurinn nær til eru allir skilgreindir sem hluti stofnstígakerfis í borginni og skiptist kostnaður við framkvæmdir til helminga milli samningsaðilanna.

Í fyrstu atrennu verða lagðir stígar frá Hlemmi að Elliðaárósum og með fram Vesturlandsvegi að Mosfellsbæ. Framkvæmdir vegna gerðar stíganna hafa að öðru leyti ekki verið tímasettar nákvæmlega en kostnaður við allar stígaframkvæmdirnar er metinn á um tvo milljarða króna og á verkefnið að taka til þriggja til fimm ára.

Áhersla er lögð á umferðaröryggi í samningnum. Hjólreiðaumferð á að skilja frá bílaumferð þar sem umferðarhraði er mikill. Þetta skiptir miklu máli fyrir öryggi hjólreiðafólks. En það er líka mikilvægt fyrir hjólreiðamenninguna að skilja að hjólreiðar og gangandi umferð því í því samneyti geta hjólreiðamennirnir verið gangandi vegfarendum hættulegir.

Lengi vel var íslensk veðrátta ekki talin henta til hjólreiða en betri hjól og þægilegri klæðnaður gerir að verkum að veður skiptir ekki eins miklu máli og áður. Aðlaðandi og góðir hjólastígar geta svo enn frekar orðið lóð á vogarskálar hjólreiðanna og þannig stuðlað að því að fólk eigi val um að komast daglegra ferða sinna á annan máta en í einkabíl.

Það er til marks um breytta forgangsröðun bæði hjá ríki og borg að nú skuli fé forgangsraðað til hjólreiðamannvirkja í stað gatnakerfis fyrir bifreiðar. Samkvæmt yfirlýsingu Dags B. Eggertssonar formanns borgarráðs er stefnan sett á að borgin verði draumaborg hjólreiðamanna. Markið hlýtur þannig að vera sett á að borgin verði eins aðgengileg hjólreiðamönnum og háborg hjólreiðanna, Kaupmannahöfn.

P.S. Það var táknrænt og ágætlega til fundið af vegamálastjóra og formanni borgarráðs að mæta til viðburðarins á reiðhjólum. Enn betra hefði verið ef þeir hefðu báðir verið með hjálm á myndum af viðburðinum en ekki bara vegamálastjórinn. Fullorðnir hjólreiðamenn mega ekki gleyma því að þeir eru börnum fyrirmynd og dæmi hafa sannað mikilvægi hjálmsins ef óhapp verður á reiðhjóli.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

**Travel John ferðaklósett leysa málið**



*Fyrirferðalítil, létt, einföld og hreinleg í notkun. Tvöfaldur poki með efni sem gerir vökva að geli og eyðir lykt. Pokanum er lokað eftir noktun, einfaldara verður það varla. Pokana má nota í venjuleg ferðaklósett til að losna við að þrífa þau.*

*Travel John pokar fyrir þvag eða uppköst gelgera vökvann og eyða lykt. Verð 3 stk. í pakka kr. 960,- Klósettpokar 3 stk. í pakka kr. 990,- Travel John pokarnir fást í flestum **Lyfju** og **Lyf og heilsu apótekum.***

*Klósettstóll kr. 4.900,-. Tilboð ásamt 4 pökkum af pokum kr. 7.500,- fæst hjá Donnu, Móhellu 2, Hafnarfirði. Póstsendum. Donna sími **555 3100** donna@donna.is. Nánari upplýsingar www.donna.is*

TravelJohn

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hið heilaga húkkaraball

Sérkennileg atburðarás virðist hafa átt sér stað í aðdraganda formannskosninga í Heimdalli, ungliðahreyfingu Sjálfstæðisflokksins. Raunar er orðið nokkuð langt síðan formannskjör í þeirri hreyfingu hefur ekki kallað á hneykslunaryfirlýsingar einhverra frambjóðenda, en það er önnur saga. Heimir Hannesson dró framboð sitt til baka skömmu fyrir kosningarnar. Í tilkynningu Heimis segir meðal annars: „Enginn [svo] heilvita stjórn boðar til aðalfundar sólarhring áður en Húkkaraballið hefst og þjóðhátíð er sett í Eyjum, tveimur sólarhringum fyrir verslunarmannahelgi." Þarna er skörulega mælt, enda fásinna að láta jafn hversdagslega hluti og pólitík eyðileggja gott djamm í Eyjum.



### Að farast úr spennu

Fleira athyglisvert má finna í tilkynningunni, til dæmis þessa setningu: „Almenningur á Íslandi hefur ekki farið varhluta af átökum innan ungliðastarfs Sjálfstæðisflokksins undanfarin ár…" Líklega ofmetur Heimir áhuga þjóðarinnar á ungliðapólitík.



### Talað undir rós

Jafnaðarmenn hafa löngum verið hrifnir af rósum og er Sighvatur Björgvinsson, síðasti formaður Alþýðuflokksins, ekki þar undanskilinn. Hann talar þó fullmikið undir rós í aðsendri grein í Fréttablaðinu í gær. Sighvatur hefur oft og tíðum átt góða spretti í greinarskrifum sínum, en óljós tenging á milli borgarstjóra Reykjavíkur og kínversks fjárfestis undir fyrirsögninni „Huang Gnarr" gerir lítið til að dýpka umræðuna.

kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Réttindi flóttamanna

Flóttamenn

Valgerður Húnbogadóttir

þjóðréttarfræðingur



Mikil umræða hefur verið um málefni flóttamanna og af þessu tilefni langar mig að fjalla um hvaða réttindi flóttamenn hafa samkvæmt alþjóðlegum sáttmálum sem Ísland er aðili að. Ísland er aðili að alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951 sem þýðir að stjórnvöldum ber að fara eftir honum. Í fyrstu grein samningsins er hugtakið flóttamaður skilgreint sem einstaklingur sem hefur yfirgefið heimaland sitt vegna ástæðuríks ótta við að vera ofsóttur vegna kynþáttar, þjóðernis, aðildar að tilteknum þjóðfélagshópi eða vegna stjórnmálaskoðana og getur ekki, eða vill ekki, vegna slíks ótta færa sér í nyt vernd þess lands. Þá má ekki, samkvæmt 44. grein útlendingalaga, senda einstakling aftur til lands þar sem hann á það á hættu að sæta dauðarefsingu, pyndingum eða annarri ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Aðildarþjóðir að alþjóðasamningi um stöðu flóttamanna verða að virða samninginn. Þjóðir geta ekki, eftir eigin geðþótta eða vilja almennings, sent einstaklinga af landi brott uppfylli þeir skilyrði 1. gr. samningsins eða 33. gr. Komi flóttamenn til Íslands á ólöglegan hátt mega íslensk stjórnvöld ekki nota það gegn þeim samkvæmt 31. grein fyrrnefnds alþjóðasamnings. Það að flóttamenn komi til Íslands á ólöglegan hátt er því ekki ástæða til að neita flóttamönnum um hæli.

Flóttamenn hljóta lagalega stöðu flóttamanns í því ríki sem þeir sækja um hæli hjá uppfylli þeir fyrrnefnd skilyrði að mati yfirvalda. Engir tveir flóttamenn eru eins og því liggur mikil vinna á bak við það að komast að niðurstöðu. Alþjóðasamtök um fólksflutninga (IOM) gaf í fyrra út skýrslu um fólksflutninga. Af því tilefni hélt IOM ráðstefnu í Brussel þar sem ritstjóri skýrslunnar, Gervais Appave, flutti erindi. Hann sagði að í heimalandi hans, Ástralíu, virtist almenningur eiga það til að rugla saman flóttamönnum, námsmönnum, innflytjendum og meira að segja túristum. Flóttamenn eru sérstakur hópur fólks sem á rétt á vernd samkvæmt alþjóðasáttmálum og landsrétti og rétturinn til að sækja um hæli telst til grundvallarmannréttinda.

Að lokum langar mig að vitna í Jane McAdam, prófessor á sviði flóttamannaréttar: Ég vildi óska þess að fólk myndi staldra við og gefa því gaum að það er eingöngu sökum heppni að þú ert fæddur hér en ekki einhvers staðar annars staðar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Umtalaðasta kaffihús á Íslandi

Samfélagsmál

Pétur Magnússon
forstjóri Hrafnistuheimilanna



Undanfarið hefur verið töluvert fjallað um nýtt kaffihús sem opna mun á Hrafnistu í Reykjavík á næstunni og þá sérstaklega um vínveitingaleyfi sem sótt hefur verið um. Þó flestum þyki þetta sjálfsagður og eðlilegur hlutur, hefur umræðan stundum verið mjög villandi. Tel ég nauðsynlegt að koma á framfæri helstu staðreyndum í málinu.

Hrafnista í Reykjavík er eitt af þremur heimilum Hrafnistu og er stærsta öldrunarheimili landsins með rúmlega 50 ára sögu. Heimilismenn eru rúmlega 200 en að auki eru 100-200 aðrir eldri borgarar sem nýta þjónustuna í viku hverri. Á Hrafnistu er að finna fjölbreytta þjónustu sem hentar eldri borgurum vel. Sem dæmi má nefna: Hjúkrunar- og læknisþjónustu, sjúkraþjálfun, sundlaug, iðjuþjálfun, vinnustofu, líkamsrækt, mjög fjölbreytt félagsstarf og margvíslegar uppákomur, prestsþjónustu, mötuneyti, hárgreiðslustofu, banka, snyrtistofu, verslun, þvottahús, boccia-völl og pútt-völl.

Frá árinu 2007 hafa staðið yfir veigamiklar breytingar á húsnæði Hrafnistu í Reykjavík. Markmiðið er að koma betur til móts við vaxandi kröfur nútímans um aðbúnað eldra fólks og það yfirlýsta markmið Hrafnistu að vera leiðandi í þjónustu og umönnun aldraðra. Breytingarnar munu taka um 8 ár og má reikna með að heildarkostnaður verði um 2 milljarðar króna.

Verkefni ársins 2012 eru umfangsmiklar breytingar á aðalborðsal heimilisins. Gjörbreyting verður gerð á þessum 55 ára gamla sal og er ætlunin að reyna að skapa hlýlegt bókakaffisumhverfi í sambland við hefðbundinn matsal sem þjónar bæði heimilisfólki, starfsfólki og gestum Hrafnistu. Aldrei hefur staðið til að opna nýjan bar eða krá á Hrafnistu.

Ástæða þess að fólk býr á Hrafnistu eða notar þjónustu þar er sú að fólkið á við verulegan heilsubrest að stríða. Í hópnum er að finna þverskurð þjóðfélagsins og skýrt skal tekið fram að húsið er heimili fólksins, ekki sjúkrahús. Þessir einstaklingar eru margir í hjólastól eða hafa takmarkaða hreyfifærni og því er reynt að bjóða upp á sem fjölbreyttasta þjónustu, þjálfun og afþreyingu á staðnum. Sem dæmi má nefna að í nýafstöðnum forsetakosningum var boðið upp á utankjörstaðaatkvæðagreiðslu á öllum heimilum Hrafnistu og var það þjónusta sem margir nýttu sér án sérstakra blaðaskrifa eða gagnrýni í þjóðfélaginu.

Á nýja kaffihúsinu, sem opið verður til kl. 19.00 á kvöldin, verður hægt að kaupa kaffidrykki og meðlæti eins og pönnukökur með rjóma og súkkulaðiköku. Heimilismönnum gefst þar tækifæri til að sækja kaffihús og bjóða vinum og ættingjum með sér. Líkt og á flestum kaffihúsum landsins er mögulegt að gestir geti fengið sér léttvín eða bjór kjósi þeir svo. Undirritaður undrast mjög þá umræðu að ætlunin sé að halda áfengi sérstaklega að öllum gestum og heimilismönnum, og að opnun kaffihússins leiði til þess að allir sem koma nálægt Hrafnistu verði umsvifalaust og stöðugt „dauðadrukknir“. Ekki er það reynslan af öðrum kaffihúsum eða matsölum á Íslandi og hvet ég þá sem ekki til þekkja, að kíkja á Kaffi París í Austurstræti á venjulegum þriðjudagsmorgni eða á veitingastað IKEA eftir hádegi á miðvikudegi. Það er engin ástæða til að ætla að kaffihús Hrafnistu verði eitthvað sérstaklega frábrugðið, nema þá kannski hvað varðar meðalaldur gesta.

Rétt er að taka fram að opnun kaffihússins, eins og önnur starfsemi í húsi Hrafnistu, er fyrst og fremst sett fram til að auka þjónustu og fjölbreytni, ekki til að græða peninga. Vörur verða seldar á vægu verði og náist hagnaður rennur hann, rétt eins og í verslunum Hrafnistu, í skemmtisjóð heimilismanna. Staðsetning kaffihússins er töluvert frá herbergjum heimilisfólks þannig að starfsemi kaffihússins ætti ekki að valda truflun.

Að lokum vil ég geta þess að vel á þriðja tug starfsstétta starfar á Hrafnistuheimilunum og flestir starfsmenn sinna umönnunarstörfum. Starfsfólk er á vakt allan sólarhringinn, alla daga ársins. Rétt eins og síðustu hálfa öld er því vel treystandi til finna farsæla úrlausn ef vandamál tengd áfengisneyslu koma upp. Á Hrafnistu höfum við, hér eftir sem hingað til, gæði og öryggi að leiðarljósi í þágu heimilisfólks. Það má þó aldrei gleyma að á Hrafnistu er fullorðið fólk sem hefur eigin skoðanir, þarfir og vilja – rétt eins og við hin sem ekki búum á Hrafnistu. Óskandi væri að sami kraftur og tími sem farið hefur í umræður um þetta litla kaffihús, væri notaður fyrir mikilvægari þætti til að bæta lífsgæði eldra fólks hér á landi.

# Börn ekki afskiptalaus á gæsluvelli í Setbergi

Samfélagsmál

Inger Rós Ólafsdóttir
móðir í Hafnarfirði



Ég er fjögurra barna móðir og er yngsta mín búin að sækja gæsluvöllinn í Setbergi þar sem börn frá 2 til 5 ára koma saman og leika sér. Þarna eru börn frá alls kyns heimilum og verða foreldrar að meta börn sín sem eru kannski aðeins 2 ára hvort þau séu hæf eða tilbúin til að fara á gæsluvelli með eldri börnum í allt að 3 klst.

Í tilefni af grein Laufeyjar Ómarsdóttur þann 27. júlí 2012 þar sem hún minnist á að börn séu án fata, að 4 ára strákur tók barn hálstaki og keyrði það ofan í stéttina – vil ég benda á að svona atvik er uppeldismál sem kemur að heiman frá og erfitt er fyrir starfsfólk sem starfar á gæsluvellinum að hafa fulla stjórn á hvernig börn haga sér þegar komið er inn á leiksvæðið.

Einnig hefur verið mjög gott veður í sumar og eru lítil börn oft fljót að klæða sig úr fötunum í hitanum og ekkert skaðlegt við það. Starfsfólkið er oft að klæða börnin í fötin aftur og aftur allan liðlangan daginn. Fyrir mér virðast þessi ummæli í blöðunum vera skrifuð af ungum foreldrum sem eiga ekki mörg börn og hafa kannski ekki mikla reynslu eða gera ekki greinarmun á leikskóla og róluvelli.

Ég hef heyrt að flestir okkar foreldra sem eru með börn þarna eru mjög ánægð með starfsemina og ekki er sjálfsagt á þessum tímum að bæjarfélög bjóði upp á þessa þjónustu fyrir íbúa. Þarna starfa ungir krakkar sem hafa tekið vel á móti börnum okkar með bros á vör og hefur mér fundist þessir krakkar hafa reynt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að hafa ofan af fyrir þessum börnum með góðri umsjón og leikjum á hverjum degi nú í sumarfríum leikskólanna.

Í Setbergi er gott eftirlit með börnum okkar og starfa nú bæði kynin þarna og vil ég koma á framfæri þakklæti til Þóru Þórarinsdóttir sem hefur stýrt gæsluvellinum og ættum við einnig að þakka fyrir að hafa svona góðan gæsluvöll yfir sumartímann.

> Það er mjög mikilvægt fyrir foreldra að börn okkar geti farið að leika við önnur börn þó svo að áhættan á árekstrum sé til staðar.

Það er mjög mikilvægt fyrir foreldra að börn okkar geti farið að leika við önnur börn þó svo að hættan á árekstrum sé til staðar. Gæsluvöllurinn hefur nú aldursskipt svæðinu sem sýnir gott úrræði starfsfólks til að gera leikvöllinn hættuminni fyrir þau yngstu sem hafa hingað til verið að leika sér við þau eldri.




# Þakkarbréf í forsetaumræðufráhvörfum

Forsetakjör



Andrea Róbertsdóttir

BA í félags- og kynjafræði og MS í mannauðsstjórnun

Ég ætla að hætta að nota „duddu“ í kvöld sagði þriggja ára sonur minn við mig fyrr í vikunni. „Er það?“ spurði ég með undrunarsvip þar sem „duddulausa lífið“ var handan við hornið. „Dudda“ er lykilorðið sem hefur svakalegan mátt á mínu heimili. Þegar ég býð upp á „duddu“ á kvöldin má sjá nautnasvipinn færast yfir son minn sem finnst ekkert betra en að fá „útúrsnudd-aða dudduna“ sína fyrir háttinn. Síðan kom kvöldið, fyrsti dagurinn af restinni af lífinu, og nýja lífinu var slegið á frest. Þetta undratæki hefur nú reddað heilu boðunum og helgarinnkaupunum og mun vafalítið gera það eitthvað áfram. Snuddur eru því alls ekki slæmar. Þær tilheyra samt bara tímabili á mannsævi margra. Það kemur því sá dagur sem sonur minn mun hætta með snuð og annað tekur við í lífinu. Hann hefur bara ekki hugmynd um að það er líf, hið fínasta líf, eftir snuddulíf.

Það er þannig með breytingar, sem gera þær gjarnan svo erfiðar, að fólk veit hvað það hefur en veit ekki hvað það fær. Rútínan, vaninn. Þannig er það með son minn og þannig var það með kjósendur í síðustu forsetakosningum. Eftir ótal margar frumsýningar og forsýningar á eigin ágæti síðustu kjörtímabil brilleraði Ólafur Ragnar í viðtölum í aðdraganda kosninganna. Hann fékk fjölmörg og fjölbreytt tækifæri til að auglýsa sig sem sitjandi forseti, svo mörg tækifæri að ég hélt á tímabili að allir sem fóru á Álftanes væru sæmdir heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu. Á meðan hugsaði ég um embættið, alla þessa frambærilegu frambjóðendur og Þóru á Bessastöðum. Þetta var svo spennandi, borðleggjandi og augljóst í mínum huga. Þarna er ein sú minnsta „dúkka“ sem sögur fara af. Þarna var klár, kattliðug og fallega innréttuð kona til þjónustu reiðubúin. Með barni og langt frá því að vera ófrísk á nokkurn hátt. Þarna voru öldurnar farnar að frussast út um allt. Það var verið að rugga bátnum, höggva í hefðir og prumpa á fyrirframgefin íhaldssöm hlutverk. Það voru ærin verkefni í vændum.

Breytingar eru oft erfiðar og andstaða algeng viðbrögð við breytingum. Hægt var að greina bæði hamlandi og drífandi krafta í umræðunni og bentu fjölmargir á hið augljósa sem er að samfélagið hafi breyst mikið í forsetatíð Ólafs Ragnars. Oft var eins og Þóra væri eini frambjóðandinn með fortíð. Hvers á kona að gjalda? Var raunverulegur vilji á breytingum? Snúa hlutunum á rönguna? Ragnityerb? Orðið „breytingar“ skrifað aftur á bak. Hvað sem því líður hefur unnist hér gríðarlegur sigur í jafnréttisbaráttunni. Það má ekki gleymast og fyrir það er ég þakklát. Þarna var einstaklingur í fæðingargalla með móðurlíf sem hafði þróað með sér færni til að hafa frumkvæði að breytingum og móta þar með veruleikann. Erlendir fjölmiðlar voru eins og mý á mykjuskán þegar fréttist af þessari íslensku konu, barnshafandi og seinna að gefa nýfæddri dóttur sinni brjóst á flandri um landið. Heimilisstörf eru svo langt frá því að vera meðfædd-ur eiginleiki og konur eru alls ekki best geymdar bak við eldavélina. Sigur var unninn, að hafa valið, og raunveruleikinn birtist okkur eins og hann er og eins og við viljum hafa hann. Jöfn tækifæri fyrir konur og karla! Hér er komið tilefni til að máta sig við þá hugsun að dætur okkar og synir eiga skilið og eiga að hafa jöfn tækifæri í lífinu til að gera sig gildandi.

Ég vona að flestir landsmenn séu nú sáttir við úrslit kosninga og að hinir sætti sig við þau og séu að öllu samanlögðu almennt bjartsýnir á framtíðina. Í þessu sem og öllu öðru getum við haldið áfram að gera það sama, undir forystu þeirra sömu, en þá megum við ekki búast við annarri niðurstöðu eða útkomu.

Ólafur Ragnar hefur gert fjölmarga góða hluti. Hann er „duddan“ sem hefur oft bjargað partýinu. Það er engin þversögn fólgin í því að þakka og virða góð störf sitjandi forseta en kalla jafnframt á endurnýjun sem er hverju lýðræðisþjóðfélagi nauðsynleg, eins og einhver sagði. Ein „dudda“ dugar ekki mörg kjörtímabil. Svo eru til alls konar útgáfur af þessu fyrirbæri. Þær eru í misjöfnum litum og ólíkri lögun, mýkt og misendingargóðar. Allar eiga þær það þó sameiginlegt að ekki er hægt að „afsnudda“ „útúrsnudd-aðar duddur“. Þá er mikilvægt að endurnýja þær. Breyta.

Ég vil þakka Þóru fyrir að hafa brotið blað í sögu þjóðar og sett snigilinn, sem hefur dregið jafnréttið áfram, á stera. Reglulegt bakslag og stöðnun í jafnréttisbaráttunni hafa verið nokkur skref aftur á bak. Þetta var stórt skref fram á veginn. Ekkert hænuskref.

> Ég vona að flestir landsmenn séu nú sáttir við úrslit kosninga og að hinir sætti sig við þau og séu að öllu samanlögðu almennt bjartsýnir á framtíðina. Í þessu sem og öllu öðru getum við haldið áfram að gera það sama, undir forystu þeirra sömu, en þá megum við ekki búast við annarri niðurstöðu eða útkomu.




# Vel heppnuð samkeppni um Kvosina

Skipulagsmál



Björn Ólafs

arkitekt og borgarskipuleggjandi í París

Samkeppni um Torgin í Kvosinni var óvenjulega vel undirbúin af Reykjavíkurborg. Úrslit hennar eru kunn og allir meginaðilar í borgarlífinu hafa tjáð sig um þau. Má því ætla að komið sé að næsta áfanga sem er að þróa verðlaunatillöguna sem stekkur auðvitað ekki fullsköpuð út úr höfði höfunda. Þróa hana til að hún falli sem best að umhverfinu og hafi jákvæð, spennandi áhrif á borgarlífið. Athugum því nánar hvað felst í tillögunni.

Við Ingólfstorg verður núverandi timburhúsabyggð óbreytt bæði í lögun og í notkun. Er því strax hægt að gera við gömlu timburhúsin sunnan, austan og norðan torgsins, sem nú eru öll í mjög slæmu ástandi. Er þannig svarað áhyggjum friðunarsinna.

Á torginu er gert ráð fyrir byggingu sem er mjög lík Hótel Íslandi sem þar var áður og þannig er endurskapað upphaflegt gatnanet og byggðamynstur. Hér er á ferðinni erfið hönnun sem ekki er sannfærandi í tillögunni, en engin ástæða er að ætla að hún verði ekki augnayndi að lokum. Byggingin verður opin almenningi og vel tengd torginu.

Fógetagarðurinn breytist ekki mikið. Aðalatriði kemur fram skýrt í tillögunni: að Kirkjustræti verði í upphaflegri breidd. Þá myndast rými með Alþingisreit á suðurhlið í fallegum hlutföllum við garðinn, og leikurinn er unninn. Vandinn í framhaldi vinnu við garðinn er útlit nýbyggingar við Kirkjustræti. Það er í fallegum hlutföllum við götuna. Vinna þyrfti úr útliti við strætið en það er eðlilegt á þessum hluta tímaferils.

Margar spurningar hafa borist varðandi breytingu þaks á núverandi Landssímahúsi. Þessi stílhreina bygging þolir það mjög vel eins og sést á teikningum. Opnun jarðhæðar hennar mun hafa afgerandi og jákvæð áhrif á líf á vestanverðum Austurvelli. Athugasemdir um skuggamyndun á völlinn frá þakinu eru mjög ýktar.

Tvenns konar athugasemdir við samkeppnistillögu hafa birst. Annars vegar mótmæli í sama anda og við fyrri tillögur um Ingólfstorg með mörgum stóryrðum og rangfærslum. Mótmælt er fleiri „steinsteypuklumpum og stálgreiptum kristalsborgum“, uppáhaldsorð þessara mótmælenda. En í Kvosinni eru fá slík hús nema átt sé við ráðhúsið, Hafnarhúsið eða Hörpu. Þau fáu timburhús sem eftir eru á þessum reit í Kvosinni eru öll meira og minna friðuð og í verðlaunatillögu í samkeppni borgarinnar er lagt til að öll timburhús byggð fyrir 1940 verði á sínum stað og gerð upp.

Tvö aðalvandamál blasa við í framtíðarsýn Kvosarinnar. Mjög lítil eftirspurn er nú eftir verslunarrýmum á jarðhæðum og verslun sem var þar mjög blómleg fyrir nokkrum áratugum hefur hnignað. Lítil eftirspurn er einnig eftir skrifstofuhúsnæði á efri hæðum. Borg og ríki hafa sest þar að, sem er jákvætt, staðurinn er jú miðborg höfuðborgar. En einkareknar skifstofur hafa horfið. Og í staðinn koma hótelherbergi.

Hins vegar eru greinar fagmanna: Skipulagslög séu götótt og þeim þurfi að breyta. Því hefur skipulagsráð borgarinnar svarað. Þessar athugasemdir fagmanna varðandi eignarrétt á byggingamagni lóða koma þessari samkeppni ekki við en eru verðmætt innlegg í nauðsynlega umræðu um skipulagslög.

Kvosin er mjög lítill reitur milli hafnar og tjarnar og milli Aðalstrætis og Lækjargötu. Á reitnum eru nær engin hús sem kalla má „gömlu fallegu byggingarnar í Reykjavík“ og þau eru öll auðvitað friðuð. Í kringum Kvosina eru alfriðuð hverfi á þrjá vegu og einnig er auðvitað allur reiturinn milli Austurvallar og Tjarnarinnar líka friðað. Gildandi deiliskipulag á þessu svæði er nú úrelt. Ef við viljum stjórna þróun bygginga og sérstaklega nýbygginga hér er engin lausn betri en að gera nýtt deiliskipulag sem skilgreinir með nægjanlegri nákvæmni hvað er leyfilegt og hvað ekki. Leiðrétta það síðan þegar ákvæði í því verða úrelt.

Ákvarðanir um fáeinar lóðir í senn, sem byggjast á vangaveltum um fagurfræði og notagildi og á næstu bæjarstjórnarkosningum, móta sjaldan gott umhverfi.

> Á reitnum eru nær engin hús sem kalla má „gömlu fallegu byggingarnar í Reykjavík“ og þau eru öll auðvitað friðuð.

## AF NETINU

### Þjóðarsálarkjarninn

Varla má ég lasta tilraunir greifans á Bessastöðum til að nudda sér utan í handboltaliðið á ólympíuleikunum. Þorgerður Katrín fór tvisvar á leikana í Kína til að nudda sér utan í liðið. Þetta eru ær og kýr pólitíkusa. Sérstaða Ólafs Ragnars er hin sama og í útrásinni, hæst stemmd sem fyrr: „Í okkar augum er handbolti ekki aðeins íþrótt, heldur kjarni þjóðarsálarinnar.“ Það var og. Sama upphafning og þegar hann sagði siðblinda og gíruga ofurbófa útrásarinnar vera séríslenzka kynslóð sigurvegara í alþjóðlegri kaupsýslu. „You ain't seen nothing yet“ froða stjórnmálaskúma að hætti ársins 2007.

www.jonas.is

**Jónas Kristjánsson**

### Gætnin njóti alltaf vafans

Það er alrangt að hægt sé að fjalla um kaup Kínverjans Huang Nupo á jörðinni Grímsstöðum á Fjöllum, eins og um sé að ræða hefðbundna erlenda fjárfestingu. Þannig er það ekki. Þess vegna er út í loftið að bera saman kaup/ eða langtímaleigu á jörðinni við kaup og leigu erlendra einstaklinga eins og um sambærilega hluti sé að ræða.

[...]

Þegar taka á afstöðu til kaup kínverskra auðmanna á landi eða fasteignum hér á landi þarf því að svara fyrst einni grundvallarspurningu. Er hér um að ræða fjárfestingu einstaklings, eða óbeina fjárfestingu kínverskra stjórnvalda í ljósi þeirra þjóðfélagsgerðar sem viðgengst í Kína? [...]

ekg.blog.is

**Einar Kristinn Guðfinnsson**



**ÁVAXTASPJÓT Í ÚTILEGUNA**
Grillaðir sykurpúðar þykja nánast ómissandi í útilegunni. Hægt er að poppa þá upp með ananas og mangó. Þræðið ávextina og sykurpúðana til skiptis upp á grillspjót, grillið og njótið.


White-Westinghouse – amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS





Útsalan er hafin

Selena

Bláu húsin v/Faxafen

Sími 553 7355 • www.selena.is





Hugsaðu vel um fæturna

Í meira en hálfa öld hafa milljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK® sér til heilsubótar. Hvað um þig?
Teg: Arisona. St. 35 – 48. Verð: 12.885,-

BIRKENSTOCK

Misty skor
Laugavegi 178

Vertu vinur

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Lokað á laugardögum í sumar

Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is





BRÚÐKAUPSGJAFIR

- mikið af frábærum tilboðum

iittala
10% afsláttur

Tékk KRISTALL
www.tk.is

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955




# ÚTIHÁTÍÐ Í BÆNUM

**DILLON KYNNIR** *Rokk Festival 2012 er útihátíð sem haldin verður í miðbæ Reykjavíkur um Verslunarmannahelgina. Hátíðin verður haldin í bakgarði Dillon á Laugavegi 30. Fremstu rokkhljómsveitir landsins koma fram þar.*

Rokk Festival verður haldið í bakgarðinum á skemmtistaðnum Dillon um Verslunarmannahelgina. Þetta verður í sjötta sinn sem útihátíðin er haldin. „Við byrjuðum á þessu af því okkur langaði til að prófa að halda útitónleika í miðbæ Reykjavíkur. Þetta er ákveðinn valmöguleiki fyrir þá sem vilja ekki fara á hefðbundna útihátíð en vilja samt fara á tónleika. Hátíðin hefur vaxið og dafnað með hverju ári sem við höldum hana,“ segir Vilhjálmur Sanne, annar eigenda Dillon.

Dagskrá hátíðarinnar er glæsileg og fjöldi hljómsveita kemur fram. „Flest helstu bönd landsins hafa komið fram hjá okkur í gegnum tíðina. Meðal þeirra sem spila í ár eru Brain Police, Mínus, Lay Low, The Vintage Caravan, Tilbury, Kiriyama Family, Finnegan og Leaves sem eru að koma fram í fyrsta skipti í tvö ár. Svo ætlar Ellý að skella sér í rokkaragallann því Q4U verður með „kombakk“ eins og Dúkkulísurnar. Andrea Jónsdóttir, plötusnúður hússins, mun svo þeyta skífum eftir tónleikana öll kvöldin. Allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi og margar kynslóðir rokkara koma hér saman.“

Rokk Festival 2012 verður haldin þriðja til fimmta ágúst og verða hinar ýmsu uppákomur á hátíðinni fyrir utan sjálfa tónleikana. „Við verðum með lukkuhjól þar sem fólk getur unnið skemmtilegan glaðning og alls kyns húllumhæ. Fólk á ekki að þurfa að fara með veskið í klessu til að ná að upplifa góða skemmtun hjá okkur. Miðaverði verður stillt mjög í hóf en armband sem gildir fyrir öll þrjú kvöldin kostar 3.500 krónur. Þeir sem tryggja sér armband fá margvísleg tilboð á guðaveigum en þeir sem kjósa að mæta á stakt kvöld greiða 1.500 krónur.“

Eigendur Dillon eru að vinna í því að taka staðinn í gegn og endurinnrétta hann. „Við erum búnir að taka efstu hæðina í gegn. Þegar breytingarnar verða afstaðnar verðum við komnir með nýuppgerðan stað með gamla sál í 107 ára gömlu húsi,“ segir Vilhjálmur.

**GAMAN Í GARÐINUM** Vilhjálmur og starfsfólk hans á Dillon ætla að halda útihátíð í bakgarði skemmtistaðarins um helgina. Hann lofar mikilli stemningu og húllumhæi á hátíðinni. MYND/STEFÁN

**VEX MEÐ ÁRI HVERJU**
„Hátíðin hefur vaxið og dafnað með hverju ári sem við höldum hana.“


Ray-Ban®
um verslunarmannahelgina

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK




## PLANKINN ER TILBÚNINGUR

**Fróðleikskorn úr sögunni**

**EITT OG ANNAÐ**



**-Stysta stríð heims var háð árið 1896. Það var á milli Zanzibar og Englands. Zanzibar gafst upp eftir 38 mínútur.**

**-Ef maður sást kyssa konu á almannafæri á Ítalíu á miðöldum varð hann að giftast henni, hvort sem honum líkaði það betur eða verr.**

**-Engar sannanir liggja fyrir því að sjóræningjar hafi látið fanga ganga plankann.**

**-Tveir hundar voru á meðal þeirra sem komust af þegar Titanic sökk árið 1912.**

**-Árið 1900 gat fólk í Bandaríkjunum búist við að verða 47 ára. Einungis einn af hverjum 25 varð 60 ára. Konur lifðu skemur. Margar dóu af barnsförum.**


50% afsláttur

af öllum fatnaði og skóm



Glæsilegur þýskur og danskur kvenfatnaður í stærðum 36-52.
Vandaðir ítalskir og þýskir leðurskór í stærðum 36-42.

Vertu vinur okkar á Facebook

hjá Hrafnhildi

• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18 laugardaga frá kl. 10-16


# LEIÐSÖGN Í SÍMANN

**SMÁFORRIT** *Mikill vöxtur er í notkun smáforrita í tengslum við ferðamennsku. Nú fást mörg smáforrit sem innihalda leiðsagnir um Ísland.*

Nýlega setti fyrirtækið Locatify á markað sex ný smáforrit ætluð snjallsímum og spjaldtölvum. Smáforritin innihalda leiðsagnir fyrir ferðamenn á Austurlandi og bætast í hóp svokallaðra snjallleiðsagna sem Locatify hefur sett á markað undanfarin ár. Þaulkunnugir leiðsögumenn leiða íslenska og erlenda ferðamenn um söguslóðir á Austurlandi, þar á meðal Eskifjörð, stóra Fljótsdalshringinn og Jökuldal. Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir, framleiðslustjóri hjá Locatify, segir forritin einföld í notkun. Þeim sé hlaðið niður í iPhone, Android-snjallsíma eða iPad-spjaldtölvur fyrir brottför. „Með hjálp GPS tækninnar fer forritið sjálfkrafa í gang á réttum stöðum. Það segir frá umhverfinu eins og ef leiðsögumaður væri með í för. Notendur þurfa því ekki að vera nettengdir á ferðalögum til að nýta sér þessa þjónustu. Með sama hætti er hægt að nýta forritið eins og gagnvirka ferðabók og skoða myndir og hlusta á frásagnir heima hjá sér.“ Til að geta nýtt sér smáforritin þurfa notendur að vera búnir að hlaða niður forritinu SmartGuide North Atlantic frá iTunes Apple Store eða Google netverslunum en það er ókeypis.

Snjallleiðsagnirnar sex um Austurland bætast í hóp fjölbreyttra leiðsagna sem Locatify hefur sett á markað undanfarin ár. Áður voru settar á markað leiðsagnir um suðvesturhorn landsins, Vatnajökulsþjóðgarð, Gullna hringinn og Vesturland. Auk þess er til snjallforrit sem inniheldur leiðsögn um söfn Reykjavíkur á fimm tungumálum. Sum smáforrita Locatify eru ókeypis, til dæmis tvö forritanna um Austurland en önnur kosta á bilinu tvær til tíu evrur. Steinunn segir mikinn vöxt vera um allan heim í notkun snjallforrita í tengslum við ferðamennsku. „Þegar við komum með fyrstu vöru okkar á markað árið 2010 var bara eitt fyrirtæki í heiminum búið að gefa út sambærilega vöru. Við erum þó ólík öðrum fyrirtækjum í þessum geira því við erum að byggja vettvang þar sem aðrir geta búið til efnið á meðan önnur fyrirtæki eru í framleiðslu þess sjálf. Við viljum frekar fá fólk í lið með okkur til að útbúa efnið sjálft.“ Hún segir það færast í vöxt að Íslendingar kaupi snjallforritin enda kynnist þeir viðkomandi svæðum á allt annan hátt en áður. „Þarna eru sagnaþulir og aðrir sem hafa frá ýmsu skemmtilegu að segja. Við verðum líka vör við að útlendingar eru að prófa snjallforritin en fara ekki endilega á staðinn. Þeir skoða þetta þá heima hjá sér til að kynna sér aðstæður. Svo koma þeir kannski á staðinn sjálfir en það er allur gangur á því.“




**LEIÐSÖGN** Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir, framleiðslustjóri hjá Locatify, sýnir eitt smáforritið. MYND/STEFÁN






## SKEMMTIREIÐ

**Sumarið er tími vatnsrennibrauta**

**GAMAN**





**Adrenalínfíklar sem eiga leið um Brasilíu ættu að leita uppi vatnsrennibrautagarðinn Beach park – Waterpark því þar er að finna hæstu vatnsrennibraut í heimi, Insano eða Geðveikina. Rennibrautin er 41 metra há sem er svipað og fjórtán hæða hátt hús. Þeir sem leggja í brautina eyða þó ekki miklum tíma í ferðina sjálfa því hún tekur aðeins fjórar til fimm sekúndur og nær sá sem rennir sér 105 kílómetra hraða. Ferðin endar svo á því sem rennibrautarsmiðirnir kalla afslappandi dýfu ofan í sundlaug. Afslappandi er þó eflaust síðasta orðið sem fólki dettur í hug í sambandi við þessa rennibraut.**

**Ef einhver vill fara í lengri rennibrautarferð má benda á hina svokölluðu Loðfílabraut í Holiday World í Indiana-ríki í Bandaríkjunum. Rennibrautin er tæplega 540 metrar á lengd og það tekur rúmar þrjár mínútur að komast alla leið niður beygjur og snúninga brautarinnar. Á leiðinni niður er setið í sex manna uppblásnum gúmmíbát – hljómar spennandi.**


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is**, s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is**, s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is**, s. 512-5427



**FRAMTAKSSAMUR HÓPUR** Hluti af hópnum fyrir framan húsið Sjólyst, þar sem safnið verður staðsett.

# FJÖLÞJÓÐLEG VIKA Í GARÐI MEÐ UNU

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ **REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ**: Hagkaup, Smáralind. **VESTURLAND**: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Hrannarbúðin Grundarfirði. Skipavík, Stykkishólmi. **VESTFIRÐIR**: Verslunin Ranglátur, Tálknafirði. Fjölval, Patreksfirði. Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Snerpa Ísafirði. **NORÐURLAND**: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Valberg, Ólafsfirði. SR Byggingavörur, Siglufirði. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Víkurraf, Húsavík. **AUSTURLAND**: Tölvulistinn, Egilsstöðum, Kauptún, Vopnafirði. Nettó, Höfn Hornafirði. **SUÐURLAND**: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. **REYKJANES**: Tölvuþjónusta Benna, Grindavík. Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.


ÚTSALA
ÚTSALAN ER Í FULLUM GANGI!
IKEA®
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is
© Inter IKEA Systems B.V. 2012

SAMBÍÓIN SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| THE DARK KNIGHT RISES | | | |
| kl. 4:30 - 5:30 - 6 - 8 - 9 - 10 - 10:20 | | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES VIP | kl. 6 - 10 | 2D | VIP |
| MAGIC MIKE | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| DREAMHOUSE | kl. 8 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 3:40 | 3D | L |
| UNDRALAND IBBA ísl. Tali | kl. 3:40 | 2D | L |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | | |
| DARK KNIGHT RISES | kl. 7 - 10:20 | 2D | 12 |
| LOL | kl. 6 | 2D | 12 |
| DREAM HOUSE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| DARK KNIGHT RISES | 1:40 - 3:50 - 4:50 | | |
| - 5:50 - 7 - 8 - 9 - 10:10 - 11:10 | | 2D | 12 |
| ÍSÖLD 4 ísl. Tali | kl. 1:40 - 3:50 | 2D | L |
| ÍSÖLD 4 ísl. Tali | kl. 1:40 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 1:40 - 3:40 | 2D | L |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** | | | |
| DARK KNIGHT RISES | kl. 5:30 - 6 - 9 - 10 | 2D | 12 |
| MAGIC MIKE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | L |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | | |
| DARK KNIGHT RISES | kl. 10:30 | 2D | 12 |
| DREAMHOUSE | kl. 8 - 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is






| SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5% | | |
|---|---|---|
| DARK KNIGHT RISES | KL. 4.30 - 5.30 - 8 - 9 | 10 |
| DARK KNIGHT RISES LÚXUS | KL. 4.30 - 8 | 10 |
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL | KL.3.20 - 5.50 | L |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.20 | L |
| TED | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 5 - 8 - 10.50 | 10 |

| HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5% | | |
|---|---|---|
| KILLER JOE | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL | KL.5.50 | L |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 6 - 9 | 10 |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 6.30 - 8 - 9 - 10.30 | 12 |

| BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
|---|---|---|
| KILLER JOE | KL. 6 - 8 - 10.10 | 16 |
| ÍSÖLD 3D | KL. 6 | L |
| TED | KL. 10.10 | 12 |
| INTOUCHABLES | KL. 8 | 12 |

HLUTI AF HVERJUM SELDUM BÍÓMIÐA ALLAN JÚLÍ
*- rennur til Barnaheilla*



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ

www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE DARK KNIGHT RISES | 3.50, 7, 10.20(P) | 12 |
| KILLER JOE | 8, 10.20 | 16 |
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI | 3.50, 6, 8, 10.20 | 12 |
| ÍSÖLD 4: HEIMSÁLFUHOPP 3D | 4, 6 | L |




**SAMSTARFSFÓLK** Jonny Lee Miller og Lucy Liu leika á móti hvort öðru í sjónvarpsþáttunum Elementary sem hefja göngu sína í Bandaríkjunum í haust. Miller leikur Sherlock Holmes og Liu fer með hlutverk Watson. NORDICPHOTOS/GETTY



**BLÁKLÆDD** Leikkonan Jaime King klæddist stuttum, bláum kjól í veislunni. King fer með eitt af aðalhlutverkunum í gamanþáttunum Hart of Dixie.

# SUMARVEISLA Í LA

**Fjöldi leikara sótti CBS og Showtime sumarveisluna sem fram fór í Beverly Hills á laugardag. Gestirnir klæddust flestir ljósum flíkum í hitanum í Kaliforníu og virtust skemmta sér vel saman.**



**HROKKINHÆRÐ** AnnaLynne McCord úr sjónvarpsþáttunum Beverly Hills 90210 var á meðal gesta.

**TOPP MÓDEL** Fyrirsætan Tyra Banks brosti sínu breiðasta á rauða dreglinum.

**VINALEG** Lisa Kudrow var glæsileg í veislunni. Hún framleiðir og leikur aðalhlutverkið í gamanþáttunum Web Therapy.

**HRAUSTUR OG KÁTUR** Leikarinn Michael C. Hall er orðinn hraustur eftir að hafa glímt við krabbamein.


MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




MIÐVIKUDAGUR: STARS ABOVE 18:00, 20:00, 22:00 ■ RED LIGHTS 17:40, 20:00, 22:20 ■ BERNIE 17:50, 20:00 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ *COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC* 22:00 ■ *BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS)* 22:00

8. ÁGÚST: HRAFNHILDUR OG TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

SUMAR 2012

# NÝJAR VÖRUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Regatta GREAT OUTDOORS · Dare 2b · CRAGHOPPERS · BEAR GRYLLS CRAGHOPPERS

## ÚTIVISTAR „MARKAÐUR“

*Hjá okkur má skila og skipta*

## Dömur & herrar

| | |
|---|---|
| Bolir | 1.990,- |
| Skyrtur | 2.990,- |
| Buxur | 4.990,- |
| Kvart buxur | 4.990,- |
| Zip/off buxur | 7.990,- |
| Softshell buxur | 7.990,- |
| Stretch buxur | 7.990,- |
| Flís peysur | 3.990,- |
| Softshell peysur | 4.990,- |
| Isotex jakkar | 7.490,- |
| Isotex kápur | 7.490,- |
| Undirföt buxur | 2.990,- |
| Undirföt bolur | 2.990,- |
| Isotex 20000 stretch jakkar | 16.990,- |
| Bakpokar, skór ofl. | |

## Börn

| | |
|---|---|
| Bolir | 1.490,- |
| Flís peysur | 1.990,- |
| Softshell peysur | 3.990,- |
| Regnbuxur | 1.490,- |
| Regnjakkar | 4.490,- |
| Zip/off buxur | 3.990,- |
| Softshell buxur | 4.490,- |
| Undirfatasett | 3.990,- |
| Skór | 4.990,- |



**OPIÐ**
VIRKA DAGA 11 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 –16

ÚTIVIST & SPORT
verslun
heildverslun
Faxafen 12 S. 533-1550
www.utivistogsport.is

# sport

sport@frettabladid.is



**JAKOB JÓHANN SVEINSSON** sundmaður úr Ægi var langt frá sínu besta í 200 metra bringusundi á Ólympíuleikunum í London í gær. Hann kom síðastur í mark í öðrum riðli á 2:16,72 mínútum og varð í 31. sæti af 33 keppendum. Íslandsmet Jakobs er 2:12,39 mínútur sem hann setti árið 2009 en besti tími hans fyrir leikana á þessu ári var 2:13,84 mínútu



**FRÁBÆR** Martin hefur farið á kostum í fyrstu tveimur leikjunum með KR.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Bestir í 12. og 13. umferð:

## Lennon og Martin bestir

**FÓTBOLTI** Steven Lennon, skoski framherji Fram, og Gary Martin, enski framherji KR, eru leikmenn 12. og 13. umferðar Pepsi-deildar karla. **- ktd**

**Lið 12. umferðar**

| | |
|---|---|
| **Markvörður** | |
| Hannes Þór Halldórsson | KR |
| **Varnarmenn** | |
| Jóhann Laxdal | Stjarnan |
| Davíð Þór Ásbjörnsson | Fylkir |
| Rasmus Christiansen | ÍBV |
| Sam Tillen | Fram |
| **Miðjumenn** | |
| Atli Jóhannsson | Stjarnan |
| Ásgeir Börkur Ásgeirsson | Fylkir |
| Björn Daníel Sverrisson | FH |
| **Sóknarmenn** | |
| Gary Martin | KR |
| Andri Adolphsson | ÍA |
| Steven Lennon | Fram |

**Lið 13. umferðar**

| | |
|---|---|
| **Markvörður** | |
| Gunnleifur Gunnleifsson | FH |
| **Varnarmenn** | |
| Atli Sveinn Þórarinsson | Valur |
| Aron Bjarki Jósepsson | KR |
| Kristinn Jónsson | Breiðablik |
| **Miðjumenn** | |
| Arnór Ingvi Traustason | Keflavík |
| Halldór Orri Björnsson | Stjarnan |
| Matthías Guðmundsson | Valur |
| Ólafur Karl Finsen | Selfoss |
| **Sóknarmenn** | |
| Gary Martin | KR |
| Óskar Örn Hauksson | KR |
| Nichlas Rohde | Breiðablik |

**Íslendingar á ÓL 2012**

**MIÐVIKUDAGINN 1. ÁGÚST**

**09.47: 200 m bringusund kvenna**
**Hrafnhildur Lúthersdóttir,** 2. riðill

**LEIÐRÉTTING**

### Árni Þór vann leik árið 1992

Í Fréttablaðinu í gær var sagt að Ragna Ingólfsdóttir hefði orðið fyrsti Íslendingurinn til að vinna viðureign í badminton á Ólympíuleikum. Hið rétta er að Árni Þór Hallgrímsson vann Anton Kriel frá Suður-Afríku á leikunum í Barcelona árið 1992. Ragna er því fyrst íslenskra badmintonkvenna til að ná þessum áfanga.



**SÆTUR SIGUR** Alexander Petersson fagnar einu fimm marka sinna í leiknum gegn Túnis í gær. Afríkumeistararnir virðast algjörlega bugaðir á varamannabekknum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Árrisular bardagakempur

**Ísland er með fullt hús stiga eftir fyrstu tvær umferðirnar í handboltakeppni Ólympíuleikanna. Strákarnir okkar unnu stórglæsilegan sigur á Túnis, 32-22, í gær þar sem liðið gerði út um leikinn með nánast fullkomnum fyrri hálfleik.**

**ÓL 2012** „Þetta var allur pakkinn. Við vorum tilbúnir í slaginn þegar leikurinn hófst – ekki þeir,“ sagði Guðjón Valur Sigurðsson eftir glæsilegan sigur Íslands á Túnis á Ólympíuleikunum í gær. Strákarnir unnu afar sannfærandi tíu marka sigur, 32-22, eftir að hafa leitt með fimmtán marka mun í upphafi síðari hálfleiks.

„Fyrir leikinn töluðum við um að það er í svona leikjum sem barátta telur meira en taktík. Við tókum slaginn við þá og höfðum betur,“ bætti hann við.

**Bálreiður Guðjón Valur**

Leikmenn Túnis eru stórir og sterkir og þekktir fyrir að láta til sín taka. En Íslendingar geta líka vel bitið frá sér og þeir gáfu tóninn í þessari baráttu strax í fyrstu sókn Túnisa. Ingimundur Ingimundarson pakkaði línumanninum Issam Tej saman og sendi þar með Afríkumeisturunum skýr skilaboð – þeir myndu ekki komast upp með neitt múður.

Stuttu síðar komst Guðjón Valur Sigurðsson í hraðaupphlaup. Wissem Hmam, gamla kempan, brá á það ráð að dúndra hann niður með olnboganum. Afar ljótt brot en Hmam slapp ótrúlega nokk með brottvísun.

Guðjón Valur bálreiddist og þurfti að halda aftur af honum. Hann fékk gula spjaldið fyrir. „Mér fannst það reyndar koma full seint. Ég ætlaði að gera eitthvað úr þessu en þegar það kom þá gat ég róað mig aðeins,“ sagði hann en eftir þetta voru Íslendingar nánast óstöðvandi og kláruðu Túnisa á næstu tíu mínútum eða svo.

> Við vorum tilbúnir í slaginn þegar leikurinn hófst - ekki þeir.
>
> **GUÐJÓN VALUR SIGURÐSSON**
> VINSTRI HORNAMAÐUR ÍSLANDS

**Með því betra sem ég hef séð**

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari gat varla farið fram á meira frá strákunum. „Fyrri hálfleikurinn er með því betra sem ég hef séð. Strákarnir sýndu ofboðslega mikla baráttu, sérstaklega í vörninni sem var afar vel útfærð. Það kom fyrir að ég fékk gæsahúð yfir frammistöðu liðsins,“ sagði hann.

Ísland vann Argentínu á sunnudag en báðir leikir liðsins í keppninni til þessa hafa farið fram klukkan hálf tíu að morgni til að staðartíma. Sannarlega óvanalegur leiktími fyrir handboltamennina okkar.

„Við höfum verið að vakna fyrir allar aldir undanfarna viku til að geta komið okkur í gírinn svona snemma dags. Við þurftum að vera klárir í mikla baráttu mjög snemma dags enda hefur það borgað sig hversu árrisulir við höfum verið síðan við komum út.“

**86 prósenta skotnýting**

Til marks um hversu góður fyrri hálfleikurinn var má nefna að Ísland skoraði nítján mörk í honum úr aðeins 22 skotum. Skotnýtingin því 86 prósent sem er fáheyrt. „Menn voru einbeittir, sköpuðu sér góð færi og voru tilbúnir. Við vorum tilbúnir í hvað sem er. Andinn í hópnum hefur þess fyrir utan verið frábær – algjörlega óborganlegur.“

Ísland mætir næst Svíum á morgun en þá verður leikið seint að kvöldi til, klukkan 21.15 að staðartíma. „Það verður mjög erfiður leikur og við þurfum að halda okkur á jörðinni. Frammistaða okkar í fyrri hálfleik var nánast gallalaus og ekki oft sem maður upplifir það sem þjálfari. En það er mikið eftir af mótinu og Svíar eru búnir að spila mjög vel,“ segir hann en ítrekar:

„Við sýndum sjálfum okkur með þessari frammistöðu hvað við getum. Nú verður það okkar verkefni að ná að framkalla það aftur í næsta leik.“

**Eiríkur Stefán Ásgeirsson og Valgarður Gíslason**
fjalla um ÓL 2012
eirikur@frettabladid.is - valli@frettabladid.is





**ÚRSLIT**

**Pepsi-deild kvenna**

**Breiðablik - ÍBV 1-2**
0-1 Shaneka Gordon (2.), 1-1 Þórdís Hrönn Sigfúsdóttir (58.), Shaneka Gordon (91.)

**Valur - Þór/KA 2-2**
1-0 Johanna Rasmussen (42.), 2-0 Sjálfsmark (55.), 2-1 Katrín Ásbjörnsdóttir, víti (71.), 2-2 Lillý Rut Hlynsdóttir (80.)

**FH - Selfoss 1-3**
1-0 Bryndís Jóhannesdóttir (12.), 1-1 Sjálfsmark (26.), 1-2 Eva Lind Elíasdóttir (38.), 1-3 Katrín Rúnarsdóttir (90.)

**Fylkir - Afturelding 1-2**
0-1 Hafdís Rún Einarsdóttir (26.), 1-1 Ruth Þórðardóttir (84.), 1-2 Vendula Strnadova, víti (94.)

**KR - Stjarnan 0-3**
0-1 Soffía Arnþrúður Gunnarsdóttir (40.), 0-2 Ashley Bares (70.), 0-3 Ashley Bares (91.)

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þór/KA** | **12** | **9** | **2** | **1** | **32-13** | **29** |
| Stjarnan | 12 | 8 | 2 | 2 | 33-14 | 26 |
| **Breiðablik** | **12** | **7** | **2** | **3** | **30-12** | **23** |
| ÍBV | 12 | 7 | 1 | 4 | 28-18 | 22 |
| **Valur** | **12** | **6** | **2** | **4** | **29-16** | **20** |
| FH | 12 | 4 | 2 | 6 | 19-26 | 14 |
| **Fylkir** | **12** | **3** | **2** | **7** | **14-25** | **11** |
| Afturelding | 12 | 3 | 2 | 7 | 11-26 | 11 |
| **Selfoss** | **12** | **3** | **2** | **7** | **21-51** | **11** |
| KR | 12 | 0 | 3 | 9 | 10-26 | 3 |



**HETJAN** Shaneka Gordon skoraði mörk ÍBV með 89 mínútna millibili.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Pepsi-deild kvenna:

## Stjarnan sækir að Þór/KA

**FÓTBOLTI** Forysta Þór/KA á toppi Pepsi-deildar kvenna er aðeins þrjú stig eftir leiki gærkvöldsins. Stjarnan vann öruggan sigur á botnliði KR í Vesturbænum en Þór/KA náði aðeins stigi gegn Val á útivelli og mátti vel við una.

„Ég held að þær hafi ekki fengið mikið meira en þessi tvö færi sem þær skora úr,“ sagði Dóra María, fyrirliði Vals, svekkt í leikslok.

„Mér finnst mjög gott að koma hingað og ná í stig. Við mættum frábæru liði og staðan í deildinni er algjört bull miðað við frammistöðu þeirra hér í dag,“ sagði Jóhann Kristinn Gunnarsson þjálfari Þórs/KA ánægður með endurkomu sinna kvenna.

Eyjakonur unnu loks sigur eftir tvö töp í röð en Blikar fóru illa að ráði sínu í Kópavogi þar sem liðið réð lögum og lofum. Shaneka Gordon skoraði sigurmark Eyjakvenna í viðbótartíma.

Afturelding og Selfoss unnu óvænta sigra og staða KR á botni deildarinnar versnar því enn.

**-ktd**

Í kvöld kl. 19:15 – BORGUNARBIKARINN
SAMSUNG völlurinn í Garðabæ
STJARNAN – ÞRÓTTUR

ALLIR Á VÖLLINN!
Karlaliðið á möguleika á að komast í úrslitaleikinn á Laugardalsvelli með sigri í kvöld.
Komið og njótið hörkubaráttu við Þrótt!

Ragna Ingólfsdóttir úr leik í badmintonkeppninni:

## Féll úr leik með sæmd



**ÓL 2012** Ragna Ingólfsdóttir er úr leik í badmintonkeppni Ólympíuleikanna eftir að hafa tapað fyrir Jie Yao frá Hollandi í gær, 21-12 og 25-23. Ragna hafnaði í öðru sæti síns riðils en aðeins sigurvegarar riðlanna komust áfram í 16-manna úrslitin.

Ragna byrjaði mjög vel og náði að halda í við andstæðing sinn í fyrstu lotunni. Yao stjórnaði spilinu og reyndi í fyrstu að láta það fara fram við netið en Ragna átti svar við því.

Eftir að hlé var gert í stöðunni 11-9 var nánast um einstefnu að ræða hjá Yao sem vann svo öruggan sigur.

Eftir að hafa lent 3-1 undir í seinni lotunni skoraði Ragna sex stig í röð og náði undirtökunum. Mest varð forystan í stöðunni 9-4. Yao saxaði svo á forystuna hægt og rólega eftir þetta og úr varð æsispennandi viðureign. Þær skiptust á stigum allt til loka og þurfti 25 stig til að klára lotuna. Yao þurfti fjögur tækifæri til að vinna sigurstigið því Ragna barðist hetjulega allt til loka. Hún féll úr leik með sæmd.

**-esá**


ÚTILÍF
ÚTSALA
THE NORTH FACE
30%
AFSLÁTTUR AF
THE NORTH FACE
SKÓM OG FATNAÐI
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS
ÍSLENSKA SIA.IS UTI 60520 07/12

> **Stöð 2 kl. 20.25**
**Up All Night (1:24)**



***Ný og skemmtileg gamansería hefur göngu sína á Stöð 2 í kvöld. Hún kallast Up All Night og fjallar um hjón sem fá ósk sína uppfyllta og eignast sitt fyrsta barn en komast fljótt að því að foreldrahlutverkið er flóknara en þau bjuggust við. Það eru Christina Applegate og Will Arnett sem fara með aðalhlutverkin.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KATRÍN TINNA GAUKSDÓTTIR SLAKAR Á

## *Þrefalt húrrastökk í sófanum*




Slökun, ró og spekt. Algjör kjörorð fyrir gott sumarfrí og það er huggulegt af Ríkissjónvarpinu að taka þátt í því með manni. Ólympíuleikarnir eru dúndur sjónvarpsefni til að núllstilla hugann. Ekki ólíkt jóga eða hugleiðslu. Sérstaklega þegar eitthvað er á dagskrá sem maður hefur ekki hundsvit á eða er óhemju einfalt. Sund, dýfingar, fimleikar og frjálsar íþróttir eru algjört uppáhald. Helst einhver grein sem enginn Íslendingur er að keppa í, því ekki má spennan verði of mikil. Eftir að hætt var að sýna Leiðarljós er fátt eftir sem hægt er að leggjast yfir í sófanum og dotta án þess að hafa áhyggjur af því að eitthvað gerist á skjánum sem ekki mátti missa af. Þangað til núna. Þrefalt húrrastökk fyrir RÚV með skrúfu og heljarstökki í lokin.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Húslestrar á Listahátíð 2012 - Hinstu rök tilverunnar **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Leyndardómar býflugnanna **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Tónlist fólksins **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Stefnumót **19.40** Vor í dal: Úr örsögum Friðriks Þórs Friðrikssonar **20.00** Leynifélagið **20.30** Út um græna grundu **21.30** Kvöldsagan: Þrítugasta kynslóðin **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Rússneski píanóskólinn **23.05** Veraldarvit **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**09.00 Ólympíuleikarnir** - Sund
**12.00 Ólympíuleikarnir** - Róður
**14.00 Ólympíuleikarnir** - Dýfingar
**14.50 Ólympíuleikarnir** - Skotfimi
**15.00 Ólympíuleikarnir** - Fimleikar
**15.30 Embættistaka forseta Íslands** BEINT
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Fréttir og veður**
**18.20 Ólympíuleikarnir** - Fimleikar
**18.30 Ólympíuleikarnir** - Sund
**20.10 Ólympíuleikarnir** - Strandblak
**21.00 Víkingalottó**
**21.05 Kviðdómurinn** (5:5) (The Jury II) Breskur myndaflokkur. Tólfmenningar eru skipaðir í kviðdóm við réttarhald yfir meintum morðingja eftir að æðri dómstóll ógildir fyrri dóm. Meðal leikenda eru Steven Mackintosh, Anne Reid, John Lynch, Ronald Pickup og Julie Walters.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Veðurfréttir**
**22.30 Marilyn Monroe** (Marilyn, Last Sessions) Frönsk heimildamynd um leikkonuna og þokkagyðjuna Marilyn Monroe byggð á upptökum úr sálgreiningarmeðferð hennar mánuðina áður en hún dó. Við sögu koma leikstjórarnir George Cukor og John Huston, rithöfundarnir Truman Capote og Arthur Miller, einn eiginmanna Marilyn, auk Kennedy-fjölskyldunnar og starfsmanna CIA og FBI.
**00.05 Flikk - flakk** (4:4) (e)
**00.45 Fréttir**
**01.10 Dagskrárlok**

### 2 BÍÓ

**08.00 He's Just Not That Into You**
**10.05 Temple Grandin**
**12.00 Azur og Asmar**
**14.00 He's Just Not That Into You**
**16.05 Temple Grandin**
**18.00 Azur og Asmar**
**20.00 One Night with the King**
**22.00 Catacombs**
**00.00 Home of the Brave**.
**02.00 Looking for Kitty**
**04.00 Catacombs**
**06.00 Scott Pilgrim vs. The World**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.50 Malcolm in the Middle** (7:25)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (112:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Community** (4:25)
**11.25 Better Of Ted** (2:13)
**11.50 Grey's Anatomy** (9:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Mike & Molly** (18:24)
**13.20 Hannað fyrir Ísland** (7:7)
**14.05 The Glee Project** (9:11)
**14.50 Týnda kynslóðin** (6:32)
**15.20 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (5:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Simpson-fjölskyldan**
**19.40 Arrested Development 3** (8:13)
**20.00 2 Broke Girls** (13:24)
**20.25 Up All Night** (1:24) Stórskemmtilegir gamanþættir með þeim Christina Applegate og Will Arnett (Arrested Developement) í hlutverkum nýbakaðra foreldra.
**20.50 Drop Dead Diva** (9:13)
**21.35 True Blood** (2:12) Fjórða þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill en saman þurfa þau að berjast gegn mótlæti bæði manna og vampíra - sem og annarra skepna sem slást í leikinn
**22.30 The Listener** (1:13) Vísindadrama um ungan mann sem nýtir skyggnigáfu sína til góðs í starfi sínu sem sjúkraflutningamaður.
**23.10 The Closer** (12:21)
**23.55 Fringe** (6:22)
**01.20 Game of Thrones** (9:10) (10:10)
**03.05 The Good Guys** (14:20)
**03.50 Chase** (16:18)
**04.30 Drop Dead Diva** (9:13)
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

### 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi deild kvk:Breiðablik - ÍBV**
**17.10 Pepsi deild kvk: Breiðablik - ÍBV**
**19.00 Bikarkeppni kk: Stjarnan - Þróttur R** BEINT frá undanúrslitunum
**21.15 Eimskipsmótaröðin 2012** Samantekt frá Íslandsmótinu sem fór fram á Strandavelli á Hellu dagana 26. - 29. júlí og var sýnt í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport.
**21.45 Ken Venturi á heimaslóðum** Skemmtilegur þáttur þar sem David Feherty heimsækir Ken Venturi, fyrrum atvinnukylfing og sjónvarpsmann, og tekur við hann einlægt og skemmtilegt viðtal á heimaslóðum.
**22.30 Bikarkeppni kk: Stjarnan - Þróttur R**

### 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Arsenal - Liverpool**
**19.45 Man. Utd. - Man. City 20.09.09**
**20.15 Newcastle - Chelsea**
**22.00 WBA - Swansea**
**23.45 PL Classic Matches: Blackburn - Leicester, 1997**

### 2 EXTRA

**18.40 Doctors** (1:175)
**19.25 American Dad** (13:18)
**19.50 The Cleveland Show** (11:21)
**20.15 Masterchef USA** (10:20)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.45 Two and a Half Men** (23:24)
**22.10 The Big Bang Theory** (14:24)
**22.35 How I Met Your Mother** (17:24)
**23.00 Bones** (5:13)
**23.45 Girls** (8:10)
**00.15 Weeds** (2:13)
**00.45 The Daily Show: Global Edition** (24:41)
**01.10 American Dad** (13:18)
**01.35 The Cleveland Show** (11:21)
**02.00 Doctors** (1:175)
**02.45 Fréttir Stöðvar 2**
**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**15.55 Real Housewives of Orange County** (13:17) (e)
**16.40 Design Star** (5:9) (e)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 How To Look Good Naked** (6:12) (e) Bresk þáttaröð þar sem konur með alvörubrjóst og mjaðmir læra að elska líkama sinn. Claire Coxon e 33 ára gömul sem gengur með leiklistardrauma í maganum. Neðri hluti líkama hennar kemur í veg fyrir að hún treysti sér til að koma fram á sviði.
**19.05 America's Funniest Home Videos** (28:48) (e)
**19.30 Mad Love** (3:13) (e)
**20.00 Will & Grace** (9:24) (e)
**20.25 The Marriage Ref** (7:10) (e)
**21.10 Mad Dogs** (1:4) (e) Bresk spennuþáttaröð þar sem fylgst er með fjórum fyrrum skólafélögum á fertugsaldri sem ferðast til Mallorca til að hitta þann fimmta í hópnum - hinn auðuga Alvo sem hefur komið ár sinni vel fyrir borð á Spáni.
**22.00 Law & Order: Criminal Intent** (9:16)
**22.45 Jimmy Kimmel (e)**
**23.30 Rookie Blue (3:13) (e)**
**00.20 Royal Pains (13:18) (e)**
**01.05 Lost Girl (13:13) (e)**
**01.50 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** RBC Canadian Open - PGA Tour 2012 (3:4) **11.10** Golfing World **12.00** Golfing World **12.50** RBC Canadian Open - PGA Tour 2012 (3:4) **15.55** Ryder Cup Official Film 2002 **18.00** Golfing World **18.50** Arnold Palmer Invitational 2012 (4:4) **21.35** Inside the PGA Tour (31:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (28:45) **23.45** ESPN America

### N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

### BBC entertainment

**06.15** Keeping Up Appearances **07.15** My Family **08.20** The Inspector Lynley Mysteries **09.55** Deal or No Deal **10.30** EastEnders **11.00** Extreme Makeover: Home Edition **11.45** QI **12.45** Keeping Up Appearances **13.45** My Family **14.50** Top Gear **15.40** QI **16.45** Extreme Makeover: Home Edition **17.25** The Graham Norton Show **18.10** QI **19.15** The Graham Norton Show **20.00** QI **20.30** Shooting Stars **21.00** Peep Show **21.25** Live at the Apollo **22.10** The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret **22.35** The Thick of It

### DR 1

**06.15** Garfield **06.25** SommerSummarum **07.30** OL 2012 **08.00** OL 2012 **10.00** OL 2012 **10.10** OL 2012 **11.45** OL 2012 **13.00** OL 2012 **13.10** OL 2012 **13.30** OL 2012 **15.00** OL 2012 **16.30** TV Avisen **17.00** OL 2012 **18.00** Spise med Price **18.30** Søren Ryge præsenterer **19.00** TV Avisen **19.30** Hammerslag **20.00** OL 2012 **21.00** Rebecca **22.30** Onsdags Lotto **22.35** Pacific Paradise Police **23.20** Damages **00.00** Damages **00.40** Arvingen til Glenbogle **04.00** Noddy **04.10** Sprutte-Patruljen **04.20** Kære Sebastian

### NRK 1

**07.00** OL-morgen fra London **08.25** OL i London **10.10** NRK nyheter **10.15** OL i London **10.45** OL i London **11.25** OL i London **12.45** OL i London **13.00** NRK nyheter **13.05** OL i London **15.00** NRK nyheter **15.10** OL i dag **15.50** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Tegnspråknytt **16.00** OL i London **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** OL-studio med Anne Rimmen **18.25** OL i London **20.10** OL-studio **20.55** Vikinglotto **21.00** Kveldsnytt **21.15** London by night **22.00** OL i London **23.40** OL i London

### svt1

**07.30** OS i London **08.00** OS i London **11.00** OS i London **13.00** OS i London **15.00** OS i London **15.30** OS i London **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** OS i London **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** OS i London **18.30** OS i London **20.10** OS i London **21.10** OS i London **22.30** OS i London **03.30** OS i London **04.00** Rapport **04.05** Regionala nyheter **04.25** Gomorron Sverige

### iNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Veiðivaktinn

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


USB 3 FLAKKARI

Seagate GoFlex USB 3

Kemur með tengivöggu sem auðveldar afritun og eykur flutningshraða. Sjálfvirk og tímastillt afritun með afritunarhugbúnaði sem fylgir. FireWire tengivagga einnig fáanleg.

2TB 24.990

3TB 34.990

GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



Seagate

tl.is TÖLVU LISTINN

SUÐURLANDSBRAUT 26, REYKJAVÍK - GLERÁRGÖTU 30, AKUREYRI - KAUPVANGI 6, EGILSSTÖÐUM - KEFLAVÍK AUSTURVEGI 34, SELFOSSI - REYKJAVÍKURVEGI 66, HAFNARFIRÐI



Sæktu um lykil núna á ob.is

# Strákarnir okkar stjórna afslættinum!

Ef íslenska handboltalandsliðið á Ólympíuleikunum vinnur til dæmis með 8 mörkum, verður 8 kr. afsláttur daginn eftir á öllum ÓB- og Olís-stöðvum með ÓB-lyklinum. Afsláttur gildir einnig með Staðgreiðslukorti og Tvennukorti Olís. **Hver verður afslátturinn eftir Ísland - Bretland?**




*SPÁ ÞÁTTTAKENDA Á FACEBOOK-SÍÐU ÓB

## Ólympíuleikur – Giskaðu og þú getur unnið



**ÓB-GULLLYKILL**
**-20 kr.** af lítranum í 10 skipti



**ÓB-SILFURLYKILL**
**-15 kr.** af lítranum í 10 skipti



**ÓB-BRONSLYKILL**
**-10 kr.** af lítranum í 10 skipti

**Kíktu inn á Facebook-síðu ÓB og kynntu þér skemmtilegan leik sem gefur þér möguleika á enn meiri afslætti!**

Afsláttur gull-, silfur- og bronslykils bætist ekki við annan afslátt. Afsláttur vegna markatölu bætist ekki við annan afslátt.

PIPAR\TBWA • SÍA

## GOTT Á GRILLIÐ



*„Þar sem ég er nýkominn frá Þýskalandi kemur ekkert annað til greina en alvöru bratwurst á grillið. Úrvalið hér er þó ansi takmarkað. Síðan á ég eftir að smakka grillaða grásleppu hjá tengdó.“*

Franz Gunnarsson, tónlistarmaður og verkefnastjóri.

# Feðgin með sex daga tónlistarhátíð

„Hún fer sínar eigin leiðir og þarf lítið á leiðbeiningum að halda því þetta liggur svo fallega fyrir henni,“ segir tónlistarmaðurinn Valgeir Guðjónsson um 19 ára gamla dóttur sína, Valdísi Völu Valgeirsdóttur.

Valdís Vala og faðir hennar spila saman á sex daga tónlistarhátíð í NemaForum við Lækjartorg yfir verslunarmannahelgina. Feðginin komu fyrst fram saman á afmælistónleikum Valgeirs í Hörpu síðasta vetur og hafa þau stigið saman á svið nokkrum sinnum eftir það. „Ég breyttist í ryþma-leikara og bakraddasöngvara á Bræðslunni í Borgarfirði um daginn þar sem hún spilaði tvö af eigin lögum,“ segir Valgeir. Vigdís Vala er rétt að hefja tónlistarferilinn en áhugi hennar kviknaði út frá leiðindum meðan hún lá rúmföst vegna veikinda í nokkra mánuði. „Ég var orðin dauðleið á öllum litlu hobbýunum sem ég var búin að finna mér svo ég bað pabba um að koma með rafmagnsbassann. Þaðan var svo stutt í gítarinn og ég fór að glamra og kenndi mér á hann sjálf,“ segir Valdís og hlær. Valdís Vala stefnir á háskólanám í sálfræði í haust en hyggst þó halda áfram í tónlistinni samhliða náminu. „Ég var að stofna hljómsveitina Lípart ásamt sex öðrum og við erum að semja á fullu núna,“ segir hún spennt en hljómsveitin spilar meðal annars í Iðnó á Menningarnótt.

Hátíðin hefst í kvöld og verða tónleikar klukkan 20 öll kvöld til og með 6. ágúst. „Við verðum með blandað efni og miðum dagskrána við salinn hverju sinni,“ segir Valgeir. **- trs**



**MÚSÍKÖLSK** Feðginin Valgeir og Valdís Vala fagna hverju tækifæri sem þau fá til að spila saman. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


**Stjórn Vina Vatnajökuls auglýsir eftir umsóknum um styrki**

VINIR VATNAJÖKULS

Vinir Vatnajökuls eru hollvinasamtök Vatnajökulsþjóðgarðs. Samtökin styrkja rannsóknir, kynninga- og fræðslustarf sem stuðlar að því að sem flestir geti notið náttúru og sögu Vatnajökulsþjóðgarðs.

**Umsóknarfrestur stendur frá 1. ágúst til 30. september 2012. Sjá nánari upplýsingar á vefsíðu samtakanna www.vinirvatnajökuls.is**



**Ein besta sólbaðstofan**

Vegna breyttra aðstæðna eiganda er sólbaðstofa í góðum rekstri og vel búin tækjum fáanleg.

Árstekjur yfir 30 milljónir og góður hagnaður.

Áhugasamir aðilar vinsamlega hafið samband við gunnar@kontakt.is eða brynhildur@kontakt.is með tölvupósti eða í síma 414 1200.

KONTAKT
Fyrirtækjaráðgjöf
Suðurlandsbraut 30 • Sími: 414 1200
www.kontakt.is
globalM&A Iceland

Haukur 07.12



**STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS**

vísir

FÉLAG FASTEIGNASALA





Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

vísir FASTEIGNIR.IS


## GRÍMUR ATLASON: ÍSLENDINGAR Á SÍÐUSTU STUNDU MEÐ MIÐAKAUP

# Bandaríkjamenn taka fram úr Íslendingum á Airwaves

Miðasala fyrir tónlistarhátíðina Iceland Airwaves hófst í desember í fyrra og að sögn Gríms Atlasonar, framkvæmdastjóra hátíðarinnar, er líklegt að Bandaríkjamenn verði fjölmennastir á hátíðinni.

Árlega sækja um sjö þúsund manns hátíðina og af þeim fimm þúsund miðum sem fara í almenna sölu eru nú um sex hundruð eftir og hafa Bandaríkjamenn keypt um fjórðung seldra miða. Hingað til hafa Íslendingar verið fjölmennasta þjóðin á hátíðinni en við erum nú í öðru sæti á eftir Bandaríkjamönnum.

„Íslendingar eru gjarnir á að bíða fram á síðustu stundu með að kaupa miða og enda því oft á að kaupa miða á uppsprengdu verði á svörtum markaði, sem er ekki góður „bissness“ að mínu mati. Við verðleggjum miðana í þremur þrepum; ef þú kaupir miðann snemma færðu hann á 12.500 krónur, svo hækkar hann upp í 14.500 og núna kostar hann 16.500 krónur, sem mér þykir ansi hófstillt miðað við það magn af sveitum sem kemur fram,“ útskýrir Grímur sem reiknar með að uppselt verði á hátíðina um miðjan ágúst.

Tónlistarhátíðin fer fram dagana 31. október til 4. nóvember, tveimur vikum seinna en fyrri ár því að fjöldi ferðamanna á landinu var orðinn svo mikill í október að erfitt var að fá flug og gistingu fyrir tónlistarfólk Airwaves.

„Þegar hátíðin byrjaði árið 1999 komu fáir ferðamenn til Íslands í október. Síðan þá hefur ásókn til landsins aukist og nú er október orðinn hluti af háannatímanum. Það mætti segja að við værum orðin fórnarlömb eigin velgengni því við áttum orðið erfitt með að fá flug fyrir tónlistarfólkið okkar.“

**sara@frettabladid.is**



**SELST VEL** Miðasala á Iceland Airwaves tónlistarhátíðina hefur gengið vel. Íslendingar eru í fyrsta sinn ekki fjölmennastir á hátíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Hrollvekja í norrænni keppni

„Okkur fannst vanta íslenska hrollvekju og ákváðum að gera þessa mjög íslenska með því að sækja í þjóðsögur og náttúru,“ segir Erlingur Óttar Thoroddsen en handrit hans að hrollvekju í fullri lengd tekur þátt í Nordic Talents Pitch keppninni í Kaupmannahöfn dagana 5. til 7. september.

Baldvin Kári Sveinbjörnsson er hugmyndasmiður handritsins ásamt Erlingi og framleiðir kvikmyndina. Hrollvekjan hefur fengið tvo handritsstyrki frá Kvikmyndasjóði Íslands og er lagt upp með að hefja tökur næsta sumar. „Að komast inn í keppnina er gríðarlegur heiður fyrir okkur og mun vonandi hjálpa myndinni enn meira,“ segir hann.

Keppnin er haldin árlega af Nordisk Film & TV Fund fyrir nýútskrifaða norræna kvikmyndaskólanema þar sem þeir kynna handrit sín fyrir dómnefnd kvikmyndagerðarmanna og hitta marga lykilmenn kvikmyndabransans á Norðurlöndunum. Leikstjórinn Ragnar Bragason situr í dómnefnd og segir Erlingur það vera ákveðinn létti að hafa dómara sem skilur íslenskt þema verksins.

Handritið ber titilinn Hulin og segir frá manni sem heldur upp á hálendi í leit að týndri systur sinni. „Þar hittir hann fyrir hóp af fólki í dularfullum erindagjörðum. Á endanum uppgötva þau að þau eru þarna af svipaðri ástæðu sem tengist huldukonu sem þjóðsögur segja að búi á svæðinu,“ segir Erlingur. Stefna þeir á að taka upp á Laugaveginum, gönguleiðinni milli Landmannalauga og Þórsmerkur.

Þeir hafa báðir stundað meistaranám í leikstjórn við Columbia-háskóla í New York en Baldvin útskrifaðist í vor og Erlingur stefnir á að klára næsta vor. Þeir eiga langt samstarf að baki. „Við gerðum fyrstu stuttmyndina okkar saman í Garðaskóla þegar við vorum 15 ára og enduðum báðir í Columbia. Þetta er sem sagt náttúrulegt framhald af okkar samstarfi,“ segir hann. **- hþt**



**ÍSLENSK HROLLVEKJA** Erlingur kynnir handrit að hrollvekju í fullri lengd í Nordic Talents Pitch ásamt Baldvin, samstarfsfélaga sínum til margra ára. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# ÚTSALAN Í FULLUM GANGI

## Allt að 60% afsláttur



40% afsláttur

**PISA leðursófi**
**Verð nú: 106.800 kr.**
Verð áður: 178.000 kr.



**DRAFTS matarstell**
4 hlutir í pk.
**Verð nú: 1.995 kr.**
Verð áður: 2.850 kr.

30% afsláttur



**VINTAGE borðstofuborð og 6 leðurstólar**
**Verð nú: 144.200 kr. settið**
Verð áður: 206.000 kr.

30% afsláttur



30% afsláttur

**MACADAM klappstóll**
**Verð nú: 2.730 kr.**
Verð áður: 3.900 kr.



40% afsláttur

**MAUI sólstóll**
**Verð nú:7.500 kr.**
Verð áður: 12.500 kr.



**SKINNKOLLAR**
ÝMSAR GERÐIR
**Verð frá 27.000 kr.**
Verð áður frá: 45.000 kr.

40% afsláttur

habitat

TEKK COMPANY

**KAUPTÚNI 3 – SÍMI 564 4400**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
Vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ótrúlegur árangur

Myndband hljómsveitarinnar Of Monsters and Men við lagið Little Talks hefur verið tilnefnt til MTV-verðlauna fyrir bestu listrænu stjórnun. Tilnefningin er enn ein rósin í hnappagat hljómsveitarinnar sem hefur verið á góðri siglingu á árinu. Platan My Head is an Animal hefur selst í meira en 420 þúsund eintökum en þar af hafa um 260 þúsund plötur selst í Bandaríkjunum og um 50 þúsund í Þýskalandi. Þá er smáskífa lagsins Little Talks komin í gull í Bandaríkjunum, Þýskalandi, Belgíu og Austurríki. Ótrúlegur árangur hjá **Nönnu Bryndísi** og félögum.



### Snúið út úr Birgittu

Tónlistarmaðurinn **Borko**, Björn Kristjánsson, hefur gefið út nýtt lag af væntanlegri plötu sinni. Lagið er samnefnt plötunni og heitir Born to be Free. Glöggir áhugamenn um íslenska indítónlist og Eurovision hafa tekið eftir því að í upphafslínum lagsins snýr textahöfundurinn Örvar Þóreyjarson Smárason út úr textanum við lagið Open Your Heart með **Birgittu Haukdal**, sem hafnaði í áttunda sæti í Riga í Lettlandi árið 2003. Texti Birgittu hefst svona: „Open your heart, show me the pain, it's all part of who you are," en texti Örvars aftur á móti svona: „Open your mouth, show me your teeth, it's all part of who you are". Lærðir poppspekúlantar geta svo leikið sér að því að leita uppi fleiri vísanir í textanum.

- afb, sh



## Mest lesið Vísir

1. Time fer mjög lofsamlegum orðum um strákana okkar
2. Osló: Öll hús við bandaríska sendiráðið hafa verið rýmd
3. Tilraunasprengja sem gleymdist að fjarlægja
4. Áslaug Arna sjálfkjörin í embætti formanns...
5. Of Monsters and Men tilnefnd til MTV-verðlauna





